

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2008



6. tbl. 15. árg.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ananaustum og Eddufelli 6

- bls. 4-5
Viðtal við
Elísabetu Ólöfu
Helgadóttur

- bls. 10
Bernskuminningar
Arnars Más



Arndís Markúsdóttir 92 ára var elsti þátttakandinn í kvennahlaupi ÍSÍ í Breiðholti. Elfana Sígurjónsdóttir var yngsti þátttakandinn. Arndís er til vinstri á myndinni, Elfana í miðinu og Ólöf Guðný Valdemarsdóttir, aðstoðarmaður, borgarstjóra til hægri en hún ræsti kvennahlaupið. Að baki þeirra sést í Þorvald Jónsson, harmonikkuleikara en hann hefur leikið á hljóðfæri sitt við upphaf kvennahlaupsins á undanförunum árum og lét sig ekki vanta að þessu sinni. Mynd: ÁHG.

49 þjónustuíbúðir við Gerðuberg

Gert er ráð fyrir að byggðar verði 49 þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara auk þjónusturýmis á svæðinu á bak við Menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti. Þetta er inntakið í tillögu að breytingu á deiliskipulagi Efra Breiðholts sem auglýst hefur verið. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að lóð Gerðubergs 3 til 5 verði stækkuð

til austurs og suðurs og að aðrar lóðir á skipulagssvæðinu verði sameinaðar í nýja lóð við Hólaberg 84.

Gert er ráð fyrir að þjónustuíbúðirnar rísi á lóðinni við Hólaberg en á lóðinni við Gerðuberg verði byggð allt að þriggja hæða tengi- og inngangsbygging á milli íbúðanna við Hólaberg og húsnæðis núverandi menningarmiðstöðvar. Þá er gert ráð

fyrir að á suður hluta þessa svæðis verði komið fyrir almenningsgarði sem verði í eigu Reykjavíkurborgar.

Fyrstu hugmyndir um byggingu þjónustuíbúða á svæðinu á milli Gerðubergs og Fella- og Hólabergs komu fram fyrir um tveimur árum eftir að húsnæði Skátaheimilisins svokallaða að baki Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs varð eldi

nytt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

PAPINOS
PIZZA
59 12345
Núpalind 1

að bráð og síðan rífið. Svæðið þótti mjög hentugt fyrir slíkar íbúðir m.a. með tilliti til nálægðar við ýmsa starfsemi á svæðinu. Má þar nefna, verslunarstarfsemi í Hólagarði, Heilsugæsluna í Efra Breiðholti og Breiðholtslaug en einnig félagsstarf í Gerðubergi og í Fella- og Hólabergskirkju sem eldra fólk notfærir sér af miklum krafti. Þessar hugmyndir féllu strax í góðan jarðveg á meðal borgarfulltrúa og var fljótlega farið að vinna að málinu. Nú býður deiliskipulagstillagan athugasemda í hefðbundnu auglýsingaferli sem lýkur 16. júlí n.k. Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær hafist verður handa við framkvæmdir en gera má ráð fyrir að það geti orðið á næsta ári.

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyrri

Kjúklingaútsala

30% afsláttur

 **Pín verslun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

*Eina kjötborðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

6. tbl. 15. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Þjónustumiðstöðin þriggja ára



Þjónustumiðstöð Breiðholts varð þriggja ára 5. júní sl. Af því tilefni gerði starfsfólk miðstöðvarinnar sér glaðan dag. Á boðstólum var glæsilega skreytt afmælisterta, sem Þóra Björg Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi, átti allan heiður að. Í tengslum við kynningarátak þjónustumiðstöðvar Breiðholts og hinn árlega Breiðholtsdag í haust stendur til að gleðjast ennfrekar með íbúum og samstarfsaðilum.

Fjögur hvatningar- verðlaun í Breiðholtið

Fjórir Breiðhyllingar voru á meðal þeirra sem hlutu nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur en þau voru afhent við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur á Sjómannadaginn. Alls voru nemendaverðlaun afhent 29 grunnskólanemum. Markmið verðlaunanna er að hvetja nemendur á öllum aldri til að leggja sig fram í námi, félagsstarfi og listum. Allir sem hlutu verðlaunin fengu bókina Dansar Elías? eftir sænsku skáldkonuna Katarínu Kieri í þýðingu Magnúsar Ásmundsson en hún hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs á vordögum. Þeir nemendur sem tóku við nemendaverðlaunum úr Breiðholti voru: Bergljót Pétursdóttir í 10. bekk Hólabrekkuskóla, Katrín Ásmundsdóttir í 10. bekk Seljaskóla, Daníel Finnbogason í 10. bekk Breiðhotlsskóla, Sebastian Jeczelewski í 9. bekk Fellaskóla.

Fulltingisverðlaunin í þágu innflytjenda

Steinunn Grétarsdóttur hlaut fulltingisverðlaun ÍTR að þessu sinni. Viðurkenningin var veitt að þessu sinni fyrir dyggilegan stuðning við bak starfsmanna af erlendum uppruna. Með viðurkenningunni vill ÍTR veita því eftirtækt þegar starfsmenn eru tilbúnir til að leggja sérstaklega mikið á sig til að styðja við innflytjendur sem eru að stíga sín fyrstu skref á íslenskum vinnuþarfaði. Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR, afhenti viðurkenninguna.

Borgarstarfsmenn almennt ánægðir í starfi

Um 82% starfsmanna Reykjavíkurborgar eru ánægðir í starfi og tæp 90% telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðar síns. Allt

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 &
895 8298

að 96% starfsmanna eru tilbúnir að leggja mikið á sig í vinnunni þegar þörf krefur. Þá telur mikill meirihluti starfsfólks hæfni sína vel nýttá í starfi, starfsfólk ber almennt traust til síns næsta yfirmanns, þar er stolt af starfi sínu og telur að Reykjavíkurborg leggji áherslu á gæði í störfum og þjónustu. Þetta eru niðurstöður árlegrar viðhorfskönnunar meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar sem fór fram dagana 2. til 18. apríl sl. Tilgangur könnunarinnar er einkum sá að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar gefa borgaryfirvöldum og stjórnendum borgarinnar vísbendingar um stöðuna í starfsmannamálum og nýtast sem tæki til ákvörðunarartöku um aðgerðir til enn frekari úrbóta á starfsmannamálum. Í heild sinni eru niðurstöður þessarar könnunar mjög jávæðar fyrir Reykjavíkurborg.

Þjóðadagur Alþjóðahúss

Þjóðadagur Alþjóðahúss var haldinn í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 31. maí. Boðið var upp á fróðleik, mat, tónlist, dans o.fl. Þjónustumiðstöðvarnari Miðborg og Hlíðum og í Breiðholti ásamt Leikskólasviði kynntu starf sitt með innflytjendum. Einnig var sértök kynning á starfi með flóttamönnum í Reykjavík. Þá má geta þess að Aðþjóðahúsið er að hefja starfsemi í Breiðholti. Ætlunin er með því að ná til barna og ungmenna af erlendum toga og laða þau að félagsstarfi. Þetta starf Alþjóðahússins er hugsað sem grasrótastarf mun fara fram í Gerðubergi.

6,3 milljarða hagnaður aðalsjóðs

Rekstrarafkoma A hluta Reykjavíkurborgar var 22,5 milljarðar króna á liðnu ári. Rekstrarafkoma aðalsjóðs var 16,5 milljarðar, eða 52% hærrí en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Endurskoðuð fjárhagsáætlun aðalsjóðs gerði ráð fyrir að tekjuafgangur yrði 13 milljarðar króna. Að frádregnum hagnaði af sölu hlutar Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun sem var 10,153 milljarðar króna er hagnaður af starfsemi aðalsjóðs 6,3 milljarðar króna. Til samanburðar má benda á að halli á rekstri aðalsjóðs á tímabilinu 2003 til 2006 var samtals 12,6 milljarðar. Á sama tímabili gerði upprunaleg fjárhagsáætlun ráð fyrir samtals 7,1 milljarðs tekjuafgangi af rekstri, sem þýðir frávík samtals að fjárhæð 19,7 milljarðar króna. Upphafleg fjárhagsáætlun vegna ársins 2007 gerði ráð fyrir að halli

á Aðalsjóði fyrir fjármagnsliði yrði um 4,1 milljarðar króna en endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir tæplega 1,9 milljarðs halla. Halli fyrir fjármagnsliði reyndist hins vegar einungis 191 milljón króna en hann var að meðaltali sex milljarðar á ári tímabilið 2003 til 2006. Þessar upplýsingar komu fram í ræðu Ólafs Magnússonar, borgarstjóra þegar hann ræddi reikninga Borgarsjóðs á borgarstjórnarfundi á dögnum.

Borgarstjóri fagnar niðurstöðu flugvallar- könnunar

Í niðurstöðu skoðanakönnunar um staðsetningu Reykjavíkflugvallar sem birt var síðla í maí kemur fram að tæplega 60 prósent Reykvikinga vilja hafa Reykjavíkflugvöll áfram í Vatnsmýrinni en aðeins rúmlega 40 prósent að hann fari. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur ávallt verið fylgjandi því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri, segir í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg. Skoðanakönnunin sýnir að sjónarmið borgarstjóra í flugvallarmálinu njóta fylgis meirihluta Reykvikinga.

460 þúsund plöntur

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa gert með sér samning um gróðursetningu 460 þúsund skógarplantna í Heiðmörk, Esjuhlíðum og Úlfarsfelli. Gert er ráð fyrir að trjánnum verði plantað á tímabilinu frá 2008 til 2010 og greiðir umhverfis- og samgöngusvið 20 milljónir fyrir plöntur og gróðursetningu á þessu ári. Gróðursetningin er eitt af Grænu skrefunum í Reykjavík og er markmiðið að fegra borgina, auka skjól og binda koltvísýring. Á liðnu ári voru 40 þúsund tré gróðursett í Esjuhlíðum undir liðnum Grænu skref í Reykjavík.



Fjölskyldu & vinnustaðatilboð!

Matur fyrir fjóra

Aðeins 2690 kr.

2 risasamlökun, 2l gos og 4 smáhökur

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Sigurjón Ólafsson

Búrfellsstöð

Sýning á starfi og verkum myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af því að hann hefði orðið 100 ára á árinu. Lágmyndin á Búrfellsstöð er verk Sigurjóns og er stærsta lágmynd á Íslandi.

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Kröflustöð, Laxárstöð, Ljósafossstöð við Sog og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007

VIÐTALIÐ

Gat ekki hugsað mér að fara úr Breiðholtinu

“Ég var átta ára þegar ég fluttist í Breiðholtið 1980 ásamt foreldrum mínum og tveimur systkinum en það þriðja fæddist síðar. Eftir það naut ég þeirra forréttinda að búa í sömu raðhúsalengju og amma mín og afi í Yrsufellinu. Við komum úr Kópavogi og þegar við vorum búinn að vera tvö ár í Fellunum byrjaði ég skólagönguna í Fellaskóla þaðan sem ég kláraði 10. bekk síðar. Þá var skólinn miklu fjölmennari en nú. Þegar ég var í Fellaskóla voru hátt í og jafnvel yfir eitt þúsund börn í skólanum. Þetta eru meiri en helmingi fleiri nemendur en eru í skólanum í dag og hver kompa og kimi voru tvísetinn. Þá voru mun fleiri krakkar í Fellahverfinu en eru í dag og þarna eignaðist ég marga góða skólafélaga og vini. Í minningunni er þetta yndislegur tími og ég á margar góðar minningar frá þessum árum. Ekki síst úr skólanum en líka úr öllu umhverfinu. Mér finnst það hafa verið forréttindi að fá að alast upp á þessum slóðum. Ég þurfti aðeins að fara yfir eina gangbraut til þess að fara í skólann. Á þessum tíma var Eddufellið líka stór verslunarkjarni. Þar var bókabúð og plötubúð og sjoppa og ýmsar aðrar búðir. Þetta var allt annað umhverfi en orðið er í dag. Að mínu mati mætti taka dálítið til þarna vegna þess að þessi hluti hverfisins er í algerri niðurníðslu í dag. Verslanirnar eru annaðhvort hættar eða hafa verið fluttar annað. Mér finnst þetta sorglegt vegna þess að þarna var margvíslega þjónusta og þetta var ákveðin hvernismíðstöð. Við krakkarnir hittumst í Eddufellinu. Við mæltum okkur mót þar og svo var farið í leiki,” segir Elísabet Ólög Helgadóttir, tanntæknir sem spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.



Elísabet Ólög Helgadóttir.

þá tók ekki verra við. Þau voru líka ekkert síður skemmtileg,” segir Elísabet. “Við höfðum Fella-helli sem var í skólanum okkar og þar var einhver félagsstarfsemi á hverju kvöldi. Við fórum þangað oft á hverju kvöldi og alltaf var gert eitthvað skemmtilegt. Ég man hversu vel var staðið að félagsstarfinu í Fella-helli og þarna starfaði áhugasamt og gott fólk með okkur unglíngunum sem fékk okkur í lið með sér. Það var alltaf gaman að fara í Fella-helli því þar var alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast. Þarna voru plötusnúðar, diskó og neonljós. Strákarnir úr skólanum skiptust á að vera plötusnúðar og það þótti mikil upphæfð að vera í gamla flugvéla- stjórnklefanum og snúa plötum. Ég held að þetta hafi m.a. orðið til þess að góð samstaða myndaðist á milli unglínganna sem kynntust og áttu sínar skemmtilegu stundir án þess að þurfa að leita eitthvað annað. Við höfðum aðstöðuna til félagslífs svo nálægt okkur. Dag-skránni í Fella-helli lauk kl. 10 eða 11 á kvöldin eftir dögum og árstíðum og þá fórum við bara heim eða komum kannski við í Eddufellinu sem átti sinn hlut í okkur. Þetta var okkar miðbær og þar var oft hangið á kvöldin. Þangað komu grúppur úr Fella- og Hólahverfinu og jafnvel úr Seljahverfinu. Það gat stundum orðið svolitill hasar en oftast var þetta allt á góðu nótnum. Fellavillingarnir áttu alltaf að vera verstir en við sem bjuggum í Fellunum vorum nú ekki sam-mála því. Maður fékk að heyrja að við værum Fellavillingar en sann-leikurinn var sá að nafngiftin varð til vegna fárra einstaklinga. Þetta var á þeim tíma sem pönkið var að taka við af diskóinu og það voru nokkrir pönkarar í Fellunum sem gerðu í því að klæða sig samkvæmt pönktískunni og tileinka sér lífstíl pönksins að einhverju leyti þannig að það fengu mun stærri hópar villingastimpillinn á sig af því að búa í hverfinu.”

Yndislegir hverfislögglumenn

Elísabet segist muna eftir plön-um um að vera með uppsteyt og stundum hafi eitthvað orðið úr því og stundum gert meira úr ástæða hafi verið til. “Það voru auðvitað að koma saman hópar

unglinga í mjög fjölmennu hverfi og sumir voru eitthvað farnir að drekka eins og gengur. Við höfðum hverfislögglu og lögreglustöðin var í Völvufellinu. Við vorum mjög heppin með lögreglumenn á þessari stöð. Þetta voru yndislegir menn sem störfuðu þar og höfðu einstaklega gott lag á að ná til okkar. Þeir fengu okkur á sitt band og okkur lærðist að bera virðingu fyrir þeim. Það skapaðist traust á milli okkar og við gátum farið inn á stöðina og spjallað við þá um daginn og veginn. Við bárum mikla virðingu fyrir lögreglunni og ég held að þeir hafi alveg átt sinn þátt í að skapa hana. Ef að lögreglubíllinn kom þá voru allri farnir. Það varð ekkert vesen. Við vissum að það var kominn tími til þess að fara. Því miður finnst mér þetta breytt og skorta á þá virðingu sem við bárum fyrir lögreglunni. En þeir öðluðust þessa virðingu að mínu mati vegna þess að þeir lögðu sig fram um að ná trausti okkar og vináttu.” Elísabet segir að sumir krakkanna í hverfinu hafi í raun átt erfitt og þá gjarnan í ljósi aðstæðna á heimilum þeirra. “Sum þessara krakka lentu útundan í skóla en lögreglumennirnir í hverfinu lögðu mikla

áherslu á að ná til þessara krakka og að fá þá með sér. Þetta er kosturinn við hverfislögglu. Þessi nálægð og persónulegu samskipti sem ég held að hafi skipt okkur miklu máli. Við erum reyndar enn heppinn að þessu leyti í Breiðholtinu því hér starfar ágætis fólk í hverfislögglunni. En svona almennt þá finnst mér skorta á þessi nánu og góðu samskipti sem ég kynntist þegar ég var að alast upp í Fellunum og ég tel að hafi orðið okkur til góðs. Ég tel að uppvaxtarár mín hafi verið góð og skemmtileg og það sem miður fór hjá okkur krökkunum hafi ekki verið neitt annað en það sem á sér stað í hverju hverfi eða borgarhluta. Hverfið okkar var alls ekki verra en önnur hverfi þrátt fyrir að ýmis konar misjafnt umtal hafi orðið til og reynst lífseigt. Ég hygg að þetta umtal hafi að einhverju leyti orðið til vegna þess hversu hverfið var fjölmennt.”

Gat ekki hugsað mér að fara úr Breiðholtinu

Elísabet fór ekki langt þegar hún flutti að heiman. “Nei - ég fór ekki langt. Þegar að því kom að kaupa fyrstu íbúðina var mikið spád og

spekulerað og við skoðuðum íbúðir út um allt. En þegar ég fór að hugsa málið fannst mér ég ekki geta flutt úr Breiðholtinu. Þetta var árið 1991 og ég orðin ófrísk að fyrsta barninu mínu. Endirinn á þessum íbúðamálum var sá að við keyptum okkar fyrstu íbúð við Vesturberg 122. Þetta var tveggja herbergja íbúð og þar bjuggum við fyrstu árin eða þangað til að annað barnið kom og við þurftum að stækka við okkur. Þá vorum við svo heppin að flytja í fjögurra herbergja íbúð í sama stigagangi. Þegar þriðja barnið var fætt árið 2000 var farið að huga að enn stærri íbúð og enn og aftur kom ekkert til greina en Breiðholtið. Þá flutti ég í Vesturberg 112 ásamt núverandi manni mínum og börnum, sem er bara nokkur skref frá íbúðinni þar sem ég hóf minn fyrri búskap. Þar búum við í dag eru ekki með nein áform um að flytja. Börnin mín ganga í Hólabrekkuskóla og mér finnst ég mjög heppin að hafa fengið tækifæri til þess að alast upp í þessu hverfi og fá einnig tækifæri til þess að ala mín börn upp þar. Þau þurfa ekki að fara yfir götu á leið í skólann frekar en ég á mínum tíma.” Viðtalið við Elísabetu fór fram í Gerðubergi og hún leiddi talið að umhverfinu þar í kring. “Þetta er ákveðið menningar- og þjónustusvæði. Hér er FB. Hér er Gerðuberg. Hér er heilsugæslan. Hér er Breiðholtslaugin og Hólagarður rétt fyrir ofan við Lóuhólana. Hér er líka Miðberg og Løjuberg sem er vinnustaður fyrir fatlaða og svo er skammt á Leiknissvæðið.”

Breiðholtið hefur enn á sér stimpil

“Ég ólst upp skammt frá þessum stað og nú er ég að ala mín börn upp í sama umhverfinu. Þannig hverf ég í vissum skilningi aftur til fortíðar - aftur í gamla tímann. Þriðja kynslóðin er að vaxa upp í hverfinu og amma mín og afi búa enn á sama stað í Yrsufellinu. Krakkarnir eru að skreppa yfir til þeirra og við höfum mikið sambandi. Ég upplifi það sem ákveðin forréttindi að mér skuli enn líða svona vel á þessum stað. Krökkunum líður einnig vel í hverfinu og í skólanum og þau vilja hvergi annars staðar vera.” Elísabet lætur hugann reika til baka. “Við fórum auðvitað niður í bæ á unglingsárunum. Það var vinsælt að fara með tólfunni niður á Hlemm og labba síðan niður Laugaveginni niður á torg þar sem hópurnir kom saman og hitti aðra unglíngla úr öðrum hverfum bæjarins. Við gerðum talsvert af þessu og sumir meira en aðrir. En þrátt fyrir það þá leið mér alltaf best uppfrá og ég held það hafi einnig átt við um minn nánasta kunningjahóp. Við fórum yfirleitt heim með síðasta Breiðholtsstrætó.” Elísabet minnst þeirra daga þegar talað var um Fellavillingana og segir stundum hafa verið erfitt að vera talin af þeim hópi. “Maður fann fyrir umtalínu og orðsporíð hefur loðað við þetta hverfi og Fellin sérstaklega enn þann dag í dag. Breiðholtið hefur enn á sér stimpil sem hlaut af þessu orðspori á sínum tíma. En ég vil líta á þetta með jákvæðum augum og leggja jákvæða merkingu í þessa hluti. Ég er stolt af því að búa í “Gettoinu” eins og sumir kalla Breiðholtið og sérstaklega Fellahverfið enn þann dag í dag.” Elísabet segir menn gantast með “gettohugtakið” og gamla Elvís lagið um svörtu börnin í fátækrahverfum Chicago hljómi stundum í herbúðum Leiknis. “Cold gray Chicago morning - in the getto” þetta lag



Tvö eldri börn Elísabetar á Arsenal leik í London.

Fórum rétt inn til að borða

Elísabet segir þetta barnmarga umhverfi hafa orðið til þess að margir krakkar hafi rétt farið inn til þess að borða. “Þetta var þannig og þá er ég ekki aðeins að tala um Fellin heldur einnig önnur hverfi í Breiðholtinu. Það var allt fullt af krökkum og leikjum. Á þessum tíma voru krakkar að fara í eina krónu og aðra hefðbundna leiki og voru mjög mikið úti. Ef ég á að lýsa þessu í einni setningu þá gæti ég sagt að það hafi verið gaman í Breiðholtinu í miðju Fellahverfinu með öllum þessum krökkum. Þetta var mjög barnvænt umhverfi. Útivistarsvæðin voru góð og picnik eða nestisferðir voru mjög stór þáttur í tilveru okkar krakkanna. Við fórum oft upp á Vatnsenda og eins niður í Elliðaárdalinn. Þá fórum við með nesti og lékum okkur stundum heilu og hálfu dagana.” Elísabet segir að hér sé orðinn munur á. “Börn leika sér mikið minna úti í dag en var þegar ég var að alast upp. Mér finnst það synd en eflaust má rekja þetta til þess að krakkarnir hafa ýmsa hluti heima sem þau höfðu ekki og munar þá kannski mest um tölvuna og þá dægradvöl sem hún færir þeim með nettengingu, leikjum og öðru sem tölvuheimurinn hefur að bjóða. Þetta var ekki í boði og maður bara fór út og lék sér og þurfti endalaust að finna upp á einhverjum leikjum”

Gert meira úr látum en ástæða var til

“Og svo komu unglingsárin og



Strákarnir úr 7. flokki Leiknis á Kaupþingsmóti 2007 þar sem þeir unnu til verðlauna. Yngri sonur Elísabetar er í 7. flokki.

er vinsælt hjá Leikni. Við syngjum það stundum þegar eitthvað stendur til hjá okkur.

Fótboltinn er hópíprótt þar sem félagarnir leika saman

Þegar Elísabet nefndi Leiknisvæðið var ljóst að komið var að málefni sem henni er hugleikið. “Ég hef tekið þátt í starfi Leiknis og sit í dag í unglingaráði félagsins og strákarnir mínir æfa fótbolta með félaginu. Dóttirin æfir reyndar hjá ÍR en hún er í handbolta. Ef ég á að segja eins og mér finnst þá er Leiknir yndislegur og fjölskylduvænn klúbbur þar sem allir þekkja alla og notalegt að vera í þessu umhverfi. Það hefur myndast ákveðin fjölskyldu-

stemning innan félagsins. Þetta kemur vel fram á heimaleikjum og leikjum meistaraflokksins og ég held að samheldni af þessari gerð sé nokkuð einstök. Ég er mjög stolt af félaginu og reyni að gera mitt besta í félagsstarfinu.” Elísabet segir að þetta hafi reyndar ekki alltaf gengið svona vel. “Þegar ég var stelpa að alast upp í Fellunum þá hafði Leiknir neikvæðan stimpil á sér. Ég tel að sú umræða hafi átt sér ákveðnar orsakir vegna þess að félaginu var ekki stjórnað nægilega vel. Það er ekkert launungarmál og ekkert sem við viljum breiða yfir. En í dag er þetta með allt öðrum hætti. Ný kynslóð er tekin við félaginu og stjórnarhættir eru allt aðrir. Félagið er löngu komið yfir þann kafla þegar lausatök voru

á stjórn þess og í dag er þessu íþróttafélagi mjög vel stjórnað og vel haldið utan um alla hluti.” Elísabet segir að mikil fjölgun hafi átt sér stað hjá félaginu. Mun fleiri börn komi að boltanum nú en verið hafi og séu iðkendur nú vel á þriðja hundrað. “Þetta er mikil fjölgun miðað við það sem var og við erum að fá fjölda barna sem eru af erlendum uppruna og sum hver nýlega flutt til landsins. Mér finnst það mjög gott að þau skuli koma og æfa með félaginu. Margir þessara krakka eru efnileg og dugleg í fótbolta og við erum mjög stolt af að hafa þau með okkur.” Elísabet bendir á að þetta sé líka mjög gott fyrir krakka sem séu að koma hingað og kynnast og aðlagast íslensku samfélagi. “Fótboltinn er hópíprótt þar sem félagarnir leika og vinna saman. Barna fá þau tækifæri til þess að kynnast íslenskum krökkum og þetta hjálpar þeim mikið við að læra tungumálið. Þetta er öðruvísi samfélag en í skólanum og ég held að íþróttirnar geti hjálpað verulega til við alla aðlögun fólks sem kemur frá öðrum löndum og menningarsvæðum. Ég hef heyrt þau sjónarmið að það sé of mikið af útlendingum hér í hverfinu. En ég upplifi þetta ekki með þeim hætti að þarna sé einhver vandi á ferðinni. Mér finnst það mjög

jákvætt og gott að mín börn fái að kynnast börnum af öðrum uppruna og umgangast þau í leik og starfi. Þetta vekur vissulega upp spurningar hjá þeim en ef þeim er rétt svarað þá er ekkert annað en gott um þetta að segja.” Elísabet segir að lokum að hið nýja félagshús sem verið er að byggja á Leiknissvæðinu muni gerbreyta allri aðstöðu félagsins. “Gamla Leiknishúsið var sett upp 1974 og var aldrei hugsað sem framtíðar húsnæði. Það átti aðeins að vera í skamman tíma en var svo lengur því það hefur tekið meira en ald-

arfjórðung að berjast fyrir nýju húsi. En þrátt fyrir aldur og aðrar takmarkanir var oft heimilislegt hjá okkur í gamla Leiknishúsinu eða í litla kofanum okkur eins og við kölluðum húsið. Þetta var ekkert meira en góður réttarskúr í sveitinni og búningastaðan var til háborinnar skammar. Við vorum að grínast með að gámurinn sem við notum nú sem félagshús á meðan nýja húsið er í byggingu sé jafnvel huggulegri og vistlegri en gamla húsið var,” segir Elísabet Ólöf Helgadóttir að lokum.

Gerðubergstillagan kynnt á íbúafundi

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt á Skipulags- og byggingarsviði og Hróbjartur Hróbjartsson, arkitekt hjá VA-arkitektum munu kynna nýja deiliskipulagstillögu vegna þjónustuíbúða við Gerðuberg á almennum íbúafundi.

Fundurinn verður í sal Félagsstarfsins í Gerðubergi á neðstu hæð þriðjudaginn 24. júní kl. 16:30. Fundurinn er haldinn að frumkvæði hverfisráðs Breiðholts og verður Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs gestur fundarins.

Félagsstarf Gerðubergs

Vegna sumarleyfa starfsfólks fellur starfsemi og þjónusta niður frá þriðjud. 1. júlí. Opnað verður aftur þriðjud. 12. ágúst.

Púttvöllur við Breiðholtslaug er opinn á opnunartíma laugarinnar, kylfur og aðstaða án endurgjalds. Alla miðvikudaga kl. 13 til 14.30 er leiðsögn frá Vinnuskóla Reykjavíkur.

Um er að ræða samstarf Breiðholtslaugar, Félagsstarfs í Breiðholti og Vinnuskóla Reykjavíkur.

Sund og leikfimiæfingar í Breiðholtslaug eru á mánud. og miðvikud. kl. 9.50.



Karen Sif Sigurðardóttir og Axel Kristinn Axels Axelsson komin með kylfurnar í hönd á púttvöllinum. Ragnhildur Björk Guðjónsdóttir er á milli þeirra.

Púttvöllurinn opnaður

Púttvöllurinn við Breiðholtslaugina var fyrst tekinn í notkun á síðasta ári. Nú hefur hann verið opnaður á ný. Púttvöllurinn er notaður af fólki á öllum aldri, ungmennum upp í eldri borgara.

Þetta er 18. holu púttvöllur og ekkert kostar að pútta auk þess sem hægt er að fá lánaða púttara og golfbolta. Gráupplagt er fyrir fjölskyldur, krakka og fólk á öllum aldri að fara og pútta

jafnvel að sameina það sundferð sinni. Ragnhildur Björn Guðjónsdóttir segir golfara í hverfinu himinlifandi yfir þessari aðstöðu því stutt sé að fara að æfa púttid.

borgarblod.is

Falleg garðhúsgögn



Fjölbreytt úrval af stytum og tjarnarvörum

Skrautsteinar



GARÐPLÖNTU-ÚRVALIÐ



og allt fyrir garðinn!



GARDHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300
www.gardheimar.is

Sýndu fjölda listmuna

Handavinnu- og listmunasýning félagsstarfs Gerðubergs var haldinn dagana 23. til 25 maí sl. Allir munir sem voru á sýningunni voru unnir af þátttakendum félagsstarfsins á síðustu tveimur árum.

Á sýningunni mátti finna afrakstur fjölbreytts handverks, t.d.

perlusaum, tréútskurð, bókband, myndlist, ullarþæfing, glerskurð og postulínsmálun. Þrjónakaffið sem tók til starfa s.l. haust hjá félagsstarfinu í Gerðubergi var með yfirlitssýningu og voru konurnar á staðnum og miðluðu upplýsingum og fróðleik.



Ýmsa útsaumaða og bútsaumaða muni mátti sjá á sýningu félagsstarfsins í Gerðubergi.



P er alltaf jafn vinsæl og útkoman stundum nánast stórkostleg.



Fatahönnun er einnig áhugaverð. Þrjónað sjal og húfa á sýningunni í Gerðubergi.

Vorganga Álfheiðar í Hólabrekkuskóla




Álfheiður Ólafsdóttir við eitt verka sinna á sýningunni í Hólabrekkuskóla.

Álfheiður Ólafsdóttir sýndi olíumálverk í Hólabrekkuskóla í Breiðholti dagana frá 5. júní til 7. júní. Sýninguna nefndi hún Vorgöngu og sagði hana vera smjörþefinn af stærri sýningu sem hún hyggst opna í Saltfisksetrinu í Grindavík í sumar. Þema Álfheiðar í sýningunni er ljóðið vorganga eftir Jón Ólafsson og segir hún það blandast saman við tilfinningar líðandi stundar í verkunum.

Ástæða þess að Álfheiður valdi Hólabrekkuskóla til sýningarhalds nú á vordögum er sú að börn hennar hafa stundað nám við skólann og sagði hún að Hólmsfríður Guðjónsdóttir, skólustjóri hafi hvatt sig til sýningarhaldsins. Álfheiður hóf að mála fyrir rúmum áratug og hefur málað nær óslitið síðan. Hún rekur vefgalleríið Art-Iceland og sér um sýningar á veitingastaðnum Thorvaldsen Bar í miðborg Reykjavíkur.

Álfheiður er Sunnlendingur. Er uppalin í Fljótshlíðinni þar sem álfabrenna sé árlegur viðburður og þjóðtrúin eigi sér sterkar rætur. "Sem barn ólst ég upp við sögur af álfum, vættum, sækúm og tröllum. Ég hef geymt sögurnar með mér og nýtir nú ævintýri þessara sagna við listskópunina sem ég starfa við í dag." Eftir menntaskóla flutti Álfheiður til Reykjavíkur þar sem hún býr ásamt fjölskyldu sinni. "Ég hef alltaf haft yndi af því að mála frá hjartanu og leyfa litunum að flæða eftir myndfletinum, rétt eins og þeir taki völdin af listamanninum. Í myndum Álfheiðar má sjá álfar og tröll birtast á myndfletinum - stundum óvænt og líkast því ósjálfrátt líkt og í þjóðtrúnni. "Við getum séð tröllamyndir greinilega



Hestur kemur niður hlíðina. Hestum bregður oft fyrir í myndum Álfheiðar enda tengjast þeir þema verka hennar með ýmsu móti. Bæði vorinu og ekkert síður hinni íslensku þjóðtrú.

í klettum og hólum, ef við horfum með athygli, en fæstir vilja viðurkenna ef þeir sjá eitthvað. En hver veit nema einhver sé að fylgjast með okkur þó að við höldum að við séum ein á gangi úti í guðsgrænni náttúrunni," segir Álfheiður. Landslag er áberandi í verkum Álfheiðar enda bakgrunnur þjóðtrúarinnar þar sem álfar og tröll áttu sér jafnan hýbýli í lands-

laginu og voru stundum hluti af því. Hún beitir björtum litum og fléttar þá saman á þann hátt að vorið verður áberandi í verkunum enda segir hún að vorgangan eigi að minna á þennan yndislega árstíma þegar ilmur sé í lofti og andi vorsins vakni og færir mannfólkinu kraft og nýja von

Vistvernd í Waldorfsskólanum

Waldorfsskólinn er rekinn í Hólahverfinu í Breiðholti. Skólinn er rekinn sem einkaskóli og er vel staðsettur miðað við það markmið hans að vera í nágrenni við eina mestu náttúruperlu Reykjavíkur. Nemendur Waldorfsskólans koma bæði úr Breiðholti en einnig annars staðar að af höfuðborgarsvæðinu.

Í skólanum er vistvernd og umhyggja fyrir náttúrunni höfð í hávegum eins og sjá má í skólafestu skólans. Þar segir m.a. að hlutverk hans sé að veita

nemendum sínum góða menntun, hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni, gera börnunum kleift að nýta hæfileika sína og að hjálpa þeim að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu. Í skólafestu Waldorfsskólans kemur einnig fram það markmið að gera foreldrum mögulegt að velja skóla og uppeldisstefnu í samhljómi við eigin lífsýn og kennurum og starfsfólki kleift að starfa við skóla þar sem gildi þeirra samræmast gildum skólans.

Nýtt kaffihús í Gerðubergi

Nýtt kaffihús hefur verið opnað í menningarmiðstöðinni Gerðubergi á sama stað og veitingasala hefur verið í gegnum tíðina. Kaffihúsið verður í rekstri menningarmiðstöðvarinnar til að byrja með en ætlunin er að fá einkaaðila að rekstrinum er fram líða stundir. "Samningar við fyrri rekstraraðila runnu út á líðnu voru og ætlunin er að þróa þetta sem kaffihús með áherslu á góðar veitingar og að skapa góða kaffihúsastemningu," segir Guðrún Dís Jónatansdóttir, verkefnisstjóri í Gerðubergi í samtali við Breiðholtsblaðið.



Elva Björg Jónatansdóttir, Guðrún Dís Jónatansdóttir, verkefnastjóri og Guðlaug Sigurbjörnsdóttir með glæsilega marenss- og súkkulaðitertu sem var á boðstólum í Gerðubergi á dögnum.

Tenging við bókasafnið

Ætlunin er að tengja starfsemi kaffihússins meira við annað starf í húsinu en verið hefur auk þess að kynna starfsemi þess fyrir fólki sem starfar eða nýtur þjónustu í nágrenninu og íbúum nærliggjandi hverfa. Guðrún Dís segir að margvísleg starfsemi sé í nágrenni Gerðubergs og bendir sérstaklega á FB, Breiðholtslauginu og Heilsugæsluna í Breiðholti sem nágrenna þar sem margt fólk eigi leið um. "Þá er öflugt félagsstarf hér í Gerðubergi og einnig mikið um námskeiðshald á veturna. Þetta fólk hefur nýtt sér veitinga- aðstöðuna í húsinu og við bjóðum það sérstaklega velkomnið á nýja kaffihúsið." Hugmyndir eru um að tengja kaffihúsið starfsemi bókasafnsins með einhverjum hætti þótt ekki sé endanlega búið að útfæra þær. Guðrún Dís segir að til greina komi að opna á milli bókasafnsins og kaffihússins og gefa gestum safnsins þannig bein-

an kost á að fara með blöð inn á kaffihúsið og skapa þannig einkonar bókakaffistemningu. Einnig mætti hugsa sér að opna meira fram á torgið í kringum uppgönguna. "Við höfum viðrað hugmyndir við arkitekt hússins og hann er mjög jákvæður í okkar garð." Ekki hefur verið ákveðið nafn á hið nýja kaffihús en hugmyndasamkeppni er í gangi um nafnið, "Við vonumst til þess að fá góðar tillögur til þess að vinna úr," segir Guðrún Dís, "tillögur að nafni sem getur auglýst þetta upp."

Vantar kaffihús í íbúðahverfum

Kaffihúsið í Gerðubergi er eina

kaffihúsið í öllu Breiðholti eða í um 22 þúsund manna hverfi ef frá er talið konitori Bakameistarans í Mjóddinni. "Mér finnst sú staðreynd ein út af fyrir sig segja okkur að þessa þjónustu vanti en vandinn er e.t.v. sá að koma henni nægilega vel á framfæri. Við höfum verið að vinna að því að kynna veitingarnar og nýjan matseðil okkar m.a. í fyrirtækjum og stofnunum hér í nágrenninu og höfum einnig verið að fjölga netföngum á póstlista okkar til þess að koma upplýsingum til fleira fólks. Ég geri mér grein fyrir að þetta getur tekið tíma en ég trúi ekki öðru en að hér verði hægt að byggja upp gott og vel rekstarfært kaffihús til framtíðar." Guðrún Dís

bendir á að kaffihúsamenning Reykvíkinga hafi einkum þróast í miðborginni, Kvosinni og við neðanverðan Laugavegin en minna sé um þessa sjálfsögðu þjónustu í úthverfunum. "Þetta er miður vegna þess að fólk á ekki að þurfa að fara langar leiðir til þess að komast á kaffihús og miðað við þá starfsemi sem er hér í grenndinni og fjölmennt íbúahverfi á að vera góður grundvöllur fyrir rekstur þess." Gerðuberg verður lokað yfir júlímánuð eins og undanfarin ár og verður nýja kaffihúsið þá einnig lokað. En ætlunin er að fara á fulla ferð strax í byrjun ágúst, bjóða margvíslegar veit-

ingar og efla kynningarstarfsemi. Guðrún Dís kveðst vonast til þess að þetta verði síðasta sumarið sem kaffiðstaðan verði lokað og unnt verði að hafa kaffihúsið opið árið um kring líkt og bókasafnið. "Við erum bjartsýn þótt við byrjum gætilega því við vitum að það tekur tíma að byggja upp þá kaffihúsastemningu sem við vinnum að." Þessa dagana er verið að leita eftir kaffibarþjóni til þess að starfa á kaffihúsinu og einnig er þegar farið að huga eftir samstarfsaðila er hugsanlega myndi taka reksturinn að sér í fyllingu tímans.

Um 100 íbúðir og atvinnuhúsnæði í Suður Mjódd

Áform eru um að byggja allt að 100 íbúðir fyrir eldri borgara í suðurlhuta Mjóddarinnar í Breiðholti auk bygginga atvinnuhúsnæðis.

Nú liggur frammi til kynningar tillaga um breytta landnotkun á þessu svæði þar sem breyta á opnum svæðum í byggingarland. Í tillögunni er gert er ráð fyrir nýju miðsvæði

meðfram Álfabakka þar sem um verður að byggja allt að 30 þúsund fermetra atvinnuhúsnæði. Svæði þetta var áður skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og athafnasvæði. Þá er gert ráð fyrir að íbúðarsvæðið við Árskóga stækki til vesturs, einnig á kostnað opins svæði.

Ertu byltungarsinni?



Endurvinnslutunna
græn byltung í umhverfismálum!

Það er auðvelt að taka þátt í Grænu byltungunni. Þú einfaldlega hringir í síma 535 2510 eða ferð á www.endurvinnslutunna.is og pantar þína Endurvinnslutunnu.

Í tunnuna mega fara **sjö flokkar** af endurnýtanlegum efnum. Flokkun er einfaldari en þig grunar og með því stuðlar þú að aukinni endurvinnslu og leggur þitt að mörkum til umhverfismála.

Sparaðu þér spörin með Endurvinnslutunnu!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sölueld Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510
gamar@gamar.is • www.gamar.is

Skoðaðu kynningarmyndband á www.endurvinnslutunna.is

Útsýnisskilti við Höfðabakkann



Ragnhildur Björk á þeim stað sem útsýnisskiltinu verður komið fyrir. Eins og sjá má sést vítt og breytt yfir borgina og nágrenni hennar.

Útsýnisskilti verður afhjúpað laugardaginn 21. júní næstkomandi kl.14.00 við Höfðabakkann neðan við Hólhverfið í Breiðholti. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs og íbúi í Breiðholti, mun afhjúpa skiltið. Við athöfnina tekur Gerðubergskórinn lagið og Vinabandið leikur létt lög og eru allir Breiðhyllingar velkomnir við athöfnina.

Ragnhildur Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi í Hvefísráði Breiðholts, er ein þeirra sem stendur að baki þessu verkefni. Hún var spurð hvernig það hafi komið til að útsýnisskilti verður sett þarna upp? "Breiðholtið er einstakur útsýnisstaður þar sem sést vel yfir alla borgina og nágrenna byggðarlögin. Fjallasýnin er einstök en frá þessum einstaka stað í Breiðholti má meðal annars sjá Esjuna, Akrafjall og Skarðsheiði. Þá sjást ýmis kennileiti borgarinnar vel frá þessum stað eins og Perlan, Hallgrímskirkja, Viðey og Árbæjarsafn. Hér má oft sjá fólk koma og virða fyrir sér útsýnið og heilmikið er um það að rútur með ferðamönnum staldra hér við og taka myndir yfir borgina. Mér fannst við hæfi að hér væri gerð

góð aðstaða og sett upp útsýnisskilti. Ég kom þessari hugmynd á framfæri við Kjartan Magnússon borgarfulltrúa fyrir ári síðan og fannst honum þetta afar góð hugmynd og nú hafa borgaryfirvöld séð til þess að skiltið er tilbúið til uppsetningar. Einnig stendur til að annað útsýnisskilti verður afhjúpað síðar í sumar fyrir neðan Suðurfellið við Breiðholtsbrautina en þar er einnig einstakt útsýni eins og víðast hvar í Breiðholti." En stendur þá til að breyta aðkomunni að skiltinu? "Eftir því sem ég kemst næst er ætlunin að gera betri aðstöðu þarna svo fólk geti staldrað við, notið útsýnisins og um leið fræðst um umhverfið. Staðsetningin er frábær þar sem hún er í nálægð við eina mestu útvistar- og náttúruferlu borgarinnar, Elliðaárdalinn, þannig að án efa eiga margir sem þarna eiga leið um eftir að staldra við og njóta útsýnisins. Ég sé fyrir mér að útsýnisskiltið eigi eftir að þjóna margvíslegum tilgangi það er til dæmis kjörið fyrir kennara að koma þarna með nemendahópa og fræðast um það sem fyrir augu ber og nálgast námið þannig með fjölbreyttari hætti," segir Ragnhildur Björk.

Leikskólahátíð og Jöklaborg 20 ára

Árleg skrudganga og hátíð leikskólabarna í Seljahverfi var sl. föstudag. Lagt var af stað frá leikskólanum Hálsaborg kl. 10.00 um morguninn og gengið um hverfið á göngustígum að tjörninni hjá Seljahlíð.

Fimm leikskólar tóku að venju þátt í gleðinni. Þessi skólar eru;

Hálsaborg, Hálsakot, Jöklaborg, Seljaborg og Seljakot, en í þeim dvelja að jafnaði um 366 börn. Hefð er fyrir því að börn í Seljahverfi taki forskot á þjóðhátíðardaginn 17. júní með sinni eigin hátíð þar sem farið er í skrudgöngu um hverfið undir fánunum og lúðrablaestri. Að skrudgöngunni

lokinni fóru leikskólabörnin í sína skóla og héldu hátíðahöldunum áfram með grillveislu. Þá hélt leikskólinn Jöklaborg upp á 20 ára starfsafmæli þennan sama dag og ungu göngufólki og öðrum gestum var boðið upp á skemmtidagskrá og veitingar í telfni dagsins.



Leikskólabörn ásamt foreldrum og leikskólakennurum í Seljahverfi samankomin í blívíðri við tjörnina fyrir framan Seljahlíð áður en haldið var til baka í grillveislu í leikskólunum.

Nágrannavarsla við Fell, Sel og Stekki

Nágrannavarsla er að fara af stað í Breiðholti á nýjan leik. Hverfisráð Breiðholts samþykkti á síðasta fundi sínum 9. júní að setja þessa starfsemi af stað. Upphaflega var farið var af stað með nágrannavörslu sem tilraunaverkefni til eins árs í Rituhólum, Starrahólum og Trönuhólum árið 2006 og byggir samþykktin nú á góðri reynslu af því verkefni. Í ár verður völdum götum við Fell, Stekki og Sel boðin þátttaka.

Nágrannavarsla er leið íbúanna sjálfra til að sporna gegn innbrotum og eignatjóni, hún felur í sér að íbúar taka höndum saman í forvarnarskyni. Hlutverk íbúa er að vera meðvitaðir um mikilvægi forvarna fyrir eigin heimili og

þegar farið er að heiman í styttri eða lengri tíma að líta eftir heimili nágrannans sé þess óskað. Samskiptakerfi nágrannavörslunnar er milli íbúa, samráðshóps, þjónustumiðstöðvar hverfisins og lögreglu. Kerfið er gagnvirkt upplýsingaflæði milli samráðshóps og íbúa. Pétur Guðmundsson afbrotfræðingur mun sjá um fræðslu til íbúa og hann telur að besti grunnurinn sé að fólk/nágrannar tali meira saman og betri árangur náist fram með meiri samskiptum. Hann mun eiga fundi með íbúum viðkomandi gatna þar sem hann kynnir verkefnið. Fyrsti fundurinn verður 25. júní með íbúum í Látraseli, Lækjarseli og Lindarseli. Næsti fundur verður 26. júní með íbúum við Gilsárstekk, Geitastekk,



Brúnastekk, Fremristekk og Fornastekk og síðasti fundurinn verður 27. júní með íbúum í Unufelli. Allir fundirnir verða í Gerðubergi.

Er bílsætið rífið?



- Viðgerðir á öllum gerðum af bílsætum.
- Öll almenn bólstrun og viðgerðir á húsgögnum.
- Sækjum sendum á öllu stór Reyjavíkursvæðinu.
- Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu

HS Bólstrun ehf.
www.bolstrun.is/hs



Auðbrekka 1 200 Kópavogi
Sími 544 5750 hs@bolstrun.is

Góð þátttaka í fegrunarátraki

Hverfisráð Breiðholts stóð fyrir fegrunarátraki laugardaginn 7. júní sl. Víða mátti sjá íbúa taka til hendinni í hverfinu við gróðursetningu blóma og hreinsun þrátt

fyrir mikla rigningu. Einnig mátti sjá að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir höfðu lagt sitt af mörkum í fegrun og hreinsun. Átakið tókst mjög vel og er því ætlað að hvetja

fólk til að taka höndum saman um að halda hverfinu hreinu og fallegu alla daga íbúum og öðrum sem um hverfið fara til yndisauka.



Hér má sjá þátttakendur í Hólhverfinu leggja sitt að mörkum.

FB útskrifar 205 nemendur

Fjölbrautaskólanum í Breiðholti var slitið föstudaginn 23. maí í Íþróttahúsi FB. Í yfirlitsræðu Kristínar Arnalds, skóla-meistara, kom fram að þetta er í sextugasta og níunda sinn sem nemendur eru útskrifaðir frá skólanum. Nú voru 205 lokaprófsskírteini afhent, þar af 106 skírteini á starfsnámsbrautum og 99 stúdentsprófsskírteini. Á skólaárinu öllu hafa þá verið afhent 334 lokaprófsskírteini.

Bestum árangri á stúdentsprófi náði Guðbjörg Garðarsdóttir. Útskrift tveggja nemenda vakti sérstaka athygli nú. Agnes Guðrífur Agnarsdóttir útskrifaðist sem sjúkraliði en hafði útskrifast sem stúdent frá FB 2006 og lokið snyrtifræðinámi frá FB 1992. Hún náði auk þess besta árangri á brautinni, eins og raunar við fyrri útskriftirnar. Haraldur Einarsson náði besta árangri á húsasmiðabraut. Haraldur kom inn í skólann í gegnum svokallað raunfærnimat sem unnið er samkvæmt Evrópuþilskipun og gefur fólki með reynslu úr atvinnulífinu möguleika á að staðsetja sig í væntanlegu iðnnámi. Það virkaði vel hér því Haraldur náði, auk frábærs árangurs í FB, besta árangri á sveinsprófi á landinu þetta vorið. Soroptimistaklúbbur Hóla- og Fella, hefur í 34. sinn ákveðið að veita einum nemanda er lýkur stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti viðurkenningu fyrir námsárangur. Soroptimistaklúbbur Hóla- og Fella er einn af mörgum klúbbum Soroptimistasambands Íslands, en þeir veita m.a. konum úr ólíkum starfsgreinum með mismunandi menntun og menningararf tækifæri til þess að hittast og vinna saman. Höfuðmarkmið Soroptimista er að vinna að betra mannlífi í hverfulum heimi. Viðurkenningin sem Soroptimistaklúbburinn veitir er námsstyrkur að og viðurkenningarskjal. Að þessu sinni var það Guðbjörg



Útskriftarhópurinn á vorönn FB.



Guðbjörg Garðarsdóttir DÚX.

Garðarsdóttir dux sem fékk viðurkenningu Soroptimistaklúbbs Hóla- og Fella. Rotaryklúbbur veitir verðlaun þeim nemanda sem skólinn telur hafa sýnt lofsverða ástundun og framfarir í námi, en auk þess verið mjög virkur í félagslífi innan skólans. Að þessu sinni varð það Kristín Ólafsdóttir

sem hlaut verðlaunin. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er fjölbreyttur skóli með mikið úrval námsbrauta. Í haust hófst t.d. skipulagt nám fyrir afreksfólk framtíðarinnar í íþróttum þar sem hugað var að einstaklingsþjálfun, auk hefðbundins náms. Þá var í boði nám sem skipulagt er fyrir innflytjendur. Þar var megináhersla lögð á íslensku, lífsleikni og einstaklingsbundinn stuðning. Það er gott þegar sveigjanleiki áfangakerfisins gefur möguleika sem þessa. FB tekur þátt í hinum ýmsu þróunarverkefnum, innanlands og utan. Þar er starfsbraut skólans einna virkust og er m.a. að hefja þátttöku í stóru evrópsku verkefni. Síðan er að ljúka stóru evrópsku Comeniusar-verkefni sem FB hefur verið með í síðastliðin sex ár. Þessi virka þátttaka er stöðug uppspretta hvatningar og umbunar fyrir þátttakendur, nemendur og



Haraldur Einarsson smiður.

kennara. Húsnaðisskortur hefur löngum háð starfsemi FB. Ákveðið hefur verið að byggja við skólann og tóku Þorgerður Katrín Gunnardóttir menntamálaráðherra og Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fyrstu skóflustunguna 25. apríl s.l. Var það stór stund í skólastarfinu og er gert ráð fyrir að hin nýja viðbygging verði tilbúin til notkunar í ágúst á næsta ári. Mun hún gerbreyta allri aðstöðu í skólanum.

Ljósmyndasamkeppni í Breiðholti í sumar

Á fundi hverfisráðs Breiðholts, mánudaginn 9. júní s.l., var samþykkt að efna til ljósmyndasamkeppni í Breiðholti í sumar í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts í tengslum við feagnarátak í hverfinu. Nánari upplýsingar um vinnuna og fyrirkomulag keppn-

innar verður auglýst fljótlega á www.breidholt.is.

Stefnt er að því að afhenda vinninga fyrir fimm bestu myndirnar á Breiðholtsdeginum laugardaginn 20. september n.k. Íbúar í hverfinu og aðrir sem áhuga hafa á eru hvattir til að gefa mannlífinu, náttúrunni og

umhverfinu gaum og festa hið fallega og skemmtilega sem fyrir augu ber á ljósmynd. Frestur til að skila inn myndum er til 25. ágúst. Hægt er að senda myndir á breidholt@reykjavik.is og prentaðar myndir er hægt að senda á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík.

Nýjar vörur

Opið
mán. - föst. kl. 10-22.30
laugard. kl. 10-20
sunnud. kl. 12-20

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 - 587 0077

Hækkadu þig upp um einn **9** 12345

22200

Opið alla daga frá 16:00 - 22:00

nú með tveimur áleggjum

PAPINOS PIZZA

Hverafold I - 5, Grafarvogi Núpallind I, Kópavogi Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Arnar Már Óttarson, söluráðgjafi hjá IBM, ólst upp í Hólunum. Hverfið iðaði af lífi og krakkarnir voru úti frá morgni til kvölds. Arnar Már rifjar bernskuárin í Breiðholtinu upp að þessu sinni.

Frábært leiksvæði og þverskurður af mannlífinu

Breiðholtið var frábært leiksvæði þegar við bræðurnir vorum að alast upp. Við hliðina á húsinu þar sem við ólumst upp í Hólunum var hóll þar sem haldið var að álfar ættu heima og þar fórum við oft í margskonar leiki. Ég held að það hafi þó ekki verið álfum að þakka að við krakkarnir vorum alltaf mjög öruggir í þessu umhverfi. Alla vega höfðu foreldrar okkar ekki miklar áhyggjur af því að við færum okkur að voða. Við fórum kannski inn ef veðrið var óvenju vont og svo ef við urðum svangir en annars var deginum eytt utan dyra. Það var heldur ekki mikið um skipti á fólki í hverfinu. Þetta voru sömu krakkarnir sem maður ólst upp með og gekk með í skóla. Ég myndi segja að þetta hafi líka verið fremur samheldur hópur sem ólst upp í Hólunum á þessum fyrstu árum hverfisins.

Húsvörðurinn lét okkur hafa vespuna

Þegar við nálgudumst fermingardurinn og þar á eftir kom vesputímabilið. Bróðir minn var meiri grúskari en ég og hafði gaman af því að grúska í vélum og tækjum. Kannski var það í óþökk einhverra en við fórum með látum um hverfið á þessum tíma. Þó voru þetta ekki neitt sérstaklega kraftmikil tæki og með spotta sem var notaður til þess að kippa þeim í gang. Ég man sérstaklega eftir einu dæmi frá þessum árum. Faðir minn er pípulagningameistari og starfaði m.a. við byggingu stóru Asparfellsblokkarinnar sem verið var að byggja á þessum tíma og við vorum oft að þvælast þarna með honum. Húsvörðurinn í Asparfellinu hafði tekið vespu og sett í geymsluna í Asparfellinu. Þegar hann vissi af vespuáhuga okkar þá gaf hann okkur hjólið. Okkur fannst það alveg frábært. Hjólið fór strax í gang og virkað fullkomlega og við vorum að þvælast á henni um hverfið. Síðar kom svo í ljós að vespan hafi verið í eigu einhvers af þeim sem fengið höfðu viðurnefnið Fellavillingarnir. Þá hafði karlinn tekið hjólið af þeim og lokað það inni í geymslu. Svo var hann að gera Breiðhýltingum þann greiða að láta okkur hafa hjólið. Ég man nú ekki hvað varð endanlega um þetta ágæta hjól en minnir þó að það hafi ratað á réttan stað á endanum.

Þverskurður af mannlífinu

Ég vil nú ekki gera mikið úr þessu orðspori sem fór af Fellavillingunum. Auðvitað voru



Arnar Már Óttarson t.h. ásamt Ragnarí Erni Óttarssyni tvíburabróður sínum.

margskonar krakkar í þessu fjölmenna hverfi og eitthvað var um stráka sem voru beggja vegna. Annað hvort að byggja upp félagsskap eða að brjóta hann upp. Ég held að þetta hafi ekki verið neitt séreinkenni á þessu hverfi. Það var nýtt hverfi og mjög fjölmennt á þessum árum. Mikil af krökkum og unglingum sem áttu sér ýmiskonar aðstæður. Ætli þarna hafi ekki bara verið þverskurður af mannlífinu eins og það er. Ég man að það voru talsverð læti í krökkum af árgöngunum frá 1978 til 1982. Stundum var ákveðið að hittast mitt á milli hverfanna og láta til sín taka en síðar varð þetta frekar innbyrðis barningur ef eitthvað var og varð síðan að engu. Kannski voru þetta bara vaxtarverkir byggðar sem óx mjög hratt og fólk kom allstaðar að.

Fólk verður stundum vandræðalegt

Ég man að fyrstu árin voru mér dálítið erfið í skóla og tóku nokkurn toll. Ég var talsvert skapmikill krakki og hef eflaust átt minn þátt í að móta þessar aðstæður en umhverfið var líka talsvert ómótað og kannski dálítið villt. Ég varð fyrir aðkasti á þessum árum og þegar ég er að hitta þetta sama fólk í dag sem veittist að mér sem krakka þá finnst mér það stundum verða dálítið vandræðalegt. Eins og það viti ekki hvernig það á að vera. Ég man eftir þeim sem var einna verstur að þessu leyti þegar hann átti erindi niður í Línu Net þar

sem ég var að vinna um tíma. Ég herti mig auðvitað upp, lést vera svolítil flotræfill og sagði við hann að gott væri að ræst hafi úr honum. Mér fannst ég hafa unnið mikinn sigur á sjálfum mér þarna í augnablikinu en skammaðist mín eftir á fyrir að hafa sagt þetta við hann vegna þess að það var engin reiði í mér. Þegar ég lít til baka þá tel ég að þessir tímabundnu erfiðleikar í samskiptum við suma krakkana hafi gert mér gott til lengri tíma lítið þótt ég upplifði þetta sem illt meðan á því stóð. Fólk var með ólíkan bakgrunn og sumir hafa eflaust talið sig þurfa að bíta frá sér. Og mér sýnist að svona aðstæður séu enn að skapast hér og þar. Skólarnir eru kannski farnir að taka fastar á svona málum og koma í veg fyrir að krakkar verði fyrir aðkasti. En við vorum með ýmis læti á þessum árum. Ég dreg enga dul á það. Dæmi um



Arnar Már Óttarsson

þetta er að einn okkar plataði nokkur hinna upp á þak Hólabrekkuskóla til þess að stökkva síðan niður. Ein saga sem gekk í Hólabrekkuskóla var að kennari nokkur hafi misst skap sitt og kastað stól út um rúðu. Ég sá þetta ekki og veit ekki hvort um sanna sögu er að ræða en ég hugsaði með mér að þó ég hefði orðið fyrir því að brjóta rúðu vildi ég ekki vera eins og hann.

Kannski roðna ég innra með mér

Ég var ekki mikill sportisti í mér og er ekki að eigin dómi en ég fór að finna mér ýmis áhugamál til þess að á fá útrás fyrir orkuna sem bjó í mér. Við áttum hesta og vorum því mikið í hestamenskunni með föður okkar. Það þýddi að við vorum minna út á lífinu eins og það er kallað. Við fórum í hesthúsið að moka og sinna öðrum störfum þar í stað þess að fara á jamið. Ég fór að hjóla og hjóla oft enn þann dag í dag. Ég hjóla t.d. oft í vinnuna. Ég stunda sund og mér finnst eitthvað vanta komist ég ekki í sund þrisvar til fórum sinnum í viku og svo hef ég stundað siglingar með frænda mínum. Ég hef reynt að beina hamaganginum sem var í mér sem krakka í þessar áttir. Ég á tvö börn og við uppeldi þeirra rifjast stundum upp fyrir manni hvað maður gerði sjálfur á sínum tíma í aðstæðum sem börn geta lent í. Dóttir mín er mjög félagslynd. Ég segi ekki að ég roðni þegar ég hugsa til minna daga. Kannski roðna ég

innra með mér vegna þess að mér gekk misjafnlega að þessu leyti. Ein villa í mannlegum samskiptum gat setið í mér og mér gekk illa að losna við hana. En smátt og smátt sigraðist maður á þessu og lærði af því.

Fljótir að slá

Eitt af því sem við bræður stunduðum var að taka að okkur garðslátt. Við nýttum sláttuvél húsfélagsins til þessarar verktöku og stundum höfðum við svo mikið að gera að húsvörðurinn fór að sakna sláttuvélarinnar. Og sem dæmi um ákafann í okkur get ég sagt frá því að stundum vorum við svo fljótir að koma til þess að slá aftur að grasið var ekki farið að vaxa. Góðviðrissumur voru okkur því hagstæð á þessum árum. Við vorum fljótir að slá og fljótir að koma aftur á meðan húsvörðurinn leitaði að sláttuvélinni.

Í gegnum gamla tímarn

Ég bý í Grafarvoginum í dag. Ekki af því að ég hafi fengið nóg af Breiðholtinu. Alls ekki. Konan mín er úr Árbænum og við ákváðum að byrja ekki búskapinn í gömlu hverfunum okkar. Þetta var svona jafnræðishugsun og við völdum Grafarvögin. Það var stundum spenna á milli Breiðholts- og Árbæjarhervanna þegar ég var krakki en ákvörðun okkar um að hefja búskapinn í nýju hverfi tengist því ekki á neinn hátt. Okkar kynni eiga sér engar rætur í krakkahasar á milli borgarhverfa. Okkur fannst þetta bara tilvalið leið. Og sem foreldri þá er maður á vissan hátt að fara í gegnum gamlan tíma vegna þess að nú er ég að ala mín börn upp í því sem við getum kallað ógróíð umhverfi sem er enn í mótnu. Þetta skapar möguleika á meira frjálsræðis fyrir börnin. En þótt ég búi annars staðar í dag þá eru ákveðnar tilfinningar bundnar Breiðholtinu og Hólunum. Ef ég keyri inn í Suðurhólana í dag þá líður mér enn eins og ég sé að keyra heim. Mér finnst enn sérstakt að horfa á þessu gömlu heimkynni og stundum kemur í hugann að nú sé einhver allt annar í gamla herberginu mínu. En hvernig sem allt gekk til frá einum degi til annars þá var mjög gott að alast upp í Hólunum. Ég man sérstaklega eftir Braga í Leiksporti í Hólagarði. Hann var mjög góður við okkur krakkana og Ragnar blómasali í Michel-sen. Þetta voru einstaklingar sem sýndu okkur áhuga og töluðu við okkur eins og jafningja.

Seljaskóli fær Grænfánann

Seljaskóli hlaut grænfánann að þessu sinni. Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki og er veittur skólum sem hafa sett sér markmið í umhverfismálum og náð árangri. Á liðnu vori var send umsókn til Landverndar þegar skólastjórnendur töldu skólann hafa uppfyllt þau skilyrði að teljast til Grænfánaskóla. Umsóknin var samþykkt og var fáninn afhentur með viðhöfn á íþrótt- og útvistardegi skólans 4. júní sl. Við athöfnina flutti Þórður Kristjánsson, skólastjóri ávarp og skólasöngur Seljaskóla var sunginn af um 700 nemendum skólans. Guðrún Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri sagði frá leið skólans að Grænfánanum og Sigrún Helgadóttir og Karl Ingólfsson fulltrúar Landverndar afhentu síðan Grænfánann nemendum í umhverfisráði skólans.



Þórður Kristjánsson, skólastjóri, setti samkomuna með stuttu ávarpi og bauð alla velkomna. Myndir: AHG.



Grænfáninn blaktir við hún í morgunblíðu við Seljaskóla.

að leggja áherslu á pappírsflokkan, endurvinnslu, orkuspörun og umhverfisvæn innkaup.

Hætt að selja drykki í fernum

Guðrún segir að fyrsta stóra skrefið hafi verið tekið skólaárið 2002 til 2003 þegar ákveðið var að hætta var að selja drykki í fernum til þess að minnka notkun einnota umbúða. Í lauslegri könnun hafi komið í ljós að allt að 240 þúsund fernur frá nemendum hafi farið í ruslið á hverju skólaári. "Í staðinn þess fórum við í að kaupa mjólk í 10 lítra kössum sem var afgreidd í könnun í skólastofur og voru nemendur með eigin glös auk þess sem þeir höfðu góðan aðgang að köldu vatni. Fernur sem nemendur komu með í skólann fóru annað hvort heim aftur eða var safnað saman í stofu og farið með þær í endurvinnslugám sem stóð við skólalóðina." Guðrún segir að þegar mótuneyti nemenda tók til starfa vorið 2005

hafi verið ákveðið að hætta allri sölu á mjólk og hvetja nemendur til þess að koma með ávexti í morgunnesti. Ílát undir afganga hafi síðar verið komið fyrir í stofum og nemendur farið með það í moltukassa sem skólinn hefur á leigu. "Frá upphafi höfum við lagt markvissa áhersla á að nýta betur þann pappír sem til fellur í skólastarfinu. Sérstakir flokkunarkassar séu á öllum kennslusvæðum og í vinnurými kennara. Þar er pappírinn flokkaður í þrjá kassa, gæðapappír og blandaður pappír fer í endurvinnslu og síðan pappír sem nota má aftur. "Öll dagblöð og tímarit og ónýttar kennslubækur fara einnig í endurvinnslutunnu auk umbúða frá mótuneyti sem eru flokkaðar og sendar í endurvinnslu. Þegar pappír og fernur fóru ekki lengur í ruslaföturnar var hægt að skipta út 50 lítra tunnum með stórum plastpoka fyrir 10 lítra fötur á öllum kennslusvæðum skólans.

Vorum á byrjunarreit

Guðrún Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri hefur leitt grænfánaverkefnið í skólanum á undanförunum árum. Hún var innt eftir því hvernig svo fjölmennur skóli sem Seljaskóli hafi staðið að þessu verkefni. Hún segir að á árinu 2001 hafi Seljaskóla boðist ásamt ellefu öðrum grunnskólum að taka þátt í grænfánaverkefninu "Skólar á grænni grein". Um alþjóðlegt verkefni sé að ræða sem hafi eflingu fræðslu um umhverfismál og umhverfisstefnu í skólum að leiðarljósi. "Fyrsta skrefið var tekið árið 2002 þegar umhverfisnefnd var stofnuð við skólann sem í sátu þrjú kennarar, ásamt húsverði og aðstoðarskólastjóra. Fjölgað var í nefndinni vorið 2005 þegar bættust við fulltrúi foreldra og fjórir fulltrúar nemenda ásamt matráði úr mótuneyti sem þá var að hefja starfsemi sína. Á þessu skólaári var síðan enn fjölgað og nú eru fulltrúarnir 20, þar af 12 nemendur úr 5. til 10. bekk. Veturinn 2002 til 2003 byrjuðum við síðan að meta stöðu umhverfismála í skólanum og notaður var til þess gátlisti fyrir skóla á grænni grein. Í ljós kom að skólinn var nánast á byrjunarreit hvað varðaði umhverfismál og var þá ákveðið

Umhverfissáttmáli Seljaskóla

Seljaskóli vill að nemendur:

- Geri sér grein fyrir að auðlindir jarðar eru ekki óþrjótandi
- Að þeir leggi sig fram um góða umgengni innan sem utan dyra.
- Að þeir hafi jákvætt viðhorf til umhverfisins og alls lífs á jörðinni.
- Við stuðlum að þessu með því að:
- selja ekki drykki í einnota umbúðum.
- flokka allan pappír og senda til endurvinnslu
- skila dósnum og rafhlöðum til endurvinnslu
- slökkva á tölvum og ljósum sem ekki eru í notkun
- nota dagsbirtuna þegar hægt er
- nota fjölnota borðbúnað þar sem því er við komið.
- halda skólalóðinni okkar snyrtilegri.



Guðrún Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri og fulltrúar nemenda í umhverfishópi skólans.

Fyrsti til fjórði bekkur í útikennslu

Guðrún segir að hver árgangur fari út og hreinsi skólalóðina tvisvar á skólaárinu. Þetta sé gert til þess að vekja athygli nemenda á sínu nánasta umhverfi. Umhverfisfræðsla hafi einnig farið fram í smiðju hjá nemendum í 5. til 7. bekk frá árinu 2004 þar sem áhersla sé lögð á fræðslu í umhverfis-

málum og endurvinnslu. "Skólaárið 2005 til 2006 hófst markviss útikennsla hjá 1. bekk. Nú eru útikennsludagar hjá öllum nemendum í 1. til 4. bekk einu sinni í viku allt skólaárið. Í útikennslu er skólastarfið flutt úr hefðbundinni skólastofu og kennt er í nærliggjandi umhverfi. Einnig er farið í margskonar vettvangsferðir sem tengjast námi barnanna."

Ekki gera ekki neitt við stafrænu myndirnar!

Láttu framkalla myndirnar þínar.

200 myndir á

5.400kr.



Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is



Á að veiða í sumar?



Nú er rétti tíminn til þess að undirbúa næsta veiðitímabil. Veiðikortið veitir aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr. Frí heimsending þegar verslað er beint á www.veidikortid.is

Tryggðu þér Veiðikortið í tíma!



Gott veður hefur leikið við íbúa höfuðborgarsvæðisins og gróður í gördum dafnað sem aldrei fyrr. Í Garðheimum í Mjódd hefur verið mikið að gera í plöntusölu undanfarið, enda úrval af garðplöntum sífellt að aukast í takt við áhuga fólks á því að fegra umhverfi sitt og garða. Myndin er frá góðviðrisdegi í Garðheimum í vor.



Þórunn Ýr Elíasdóttir og Guðbjörg Erla Freydsdóttir ásamt ungum syni Þórunnar Ýr í verslun þeirra Englum og rósum í Hólagarði.

Englar og rósir í Hólagarði

“Við ákváðum okkur eiginlega á nokkrum mínútum,” sögðu þær Guðbjörg Erla Freydsdóttir og Þórunn Ýr Elíasdóttir sem festu kaup á blómabúð Michelsens í Hólagarði í febrúar á liðnum vetri. Þær eru jafnöldrar, ólust upp í Hólunum og hafa unnið saman að undanförunu. “Við vorum saman með fyrirtæki og einhverju sinni vorum við að spjalla um að gaman væri að takast á við rekstur blóma- og gjafavöruverslunar. Við vissum að Ragnar var til í að selja verslun sína í Hólagarði. Við fórum og ræddum við hann og úr varð að við festum kaup á blómabúðinni.”

Þær ráku verslunina með óbreyttu sniði fyrstu vikurnar en eftir páska og fermingar breyttu þær henni verulega. “Þótt verslunin væri í mjög góðu ásigkomulagi þá snérum við eiginlega öllu við sem við gátum. Það er nauðsynlegt að breyta til og verslun af þessum toga má ekki vera óbreytt

of lengi eða að staðna. Við ætlum okkur líka að breyta nokkuð til eftir árstíðum og miða vöruúrvalið þau tilefni sem eru framundan. Þar erum við að tala um tímabil eins og jóla, fermingar og útskriftir því fólk velur gjarnan gjafavöru af þessum tilefnum. Við breyttum líka nafni verslunarinnar sem heitir nú Englar og rósir.” Þær segja að þótt þær hafi ráðist í að breyta búðinni þá byggir þær líka á langri reynslu. “Ragnar Mikkelsen starfar hér með okkur og sinnir verkefnum á borð við blóma-skreytingar. Reynsla hans í gegnum tíðina er okkur mikilvæg og einnig tengsl hans við marga góða viðskiptavini hér í nágrenninu. Við erum bjartsýnar og höfum ekki ástæðu til annars miðað við þá reynslu sem við erum búnað að fá af verslunarrekstrinum hér,” segja þær vinkonurnar Guðbjörg Erla og Þórunn Ýr. Englar og rósir verða opin í sumar frá kl.12.00 til 18.30 mánudaga til fimmtudaga, föstudaga verður opið frá kl. 10.00 til 19.30, laugardaga frá kl. 10.00 til 18.00 og frá kl. 13.00 til 16.00 á sunnudögum en ætlunin er að endurskoða opnunartímann með haustinu.

NETSAGA.IS



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímánn Andrésón
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Kristín Aðalsteinsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Hópólum og þjálfari hjá handknattleiksdeild ÍR til margra ára er lesandi Breiðholtsblaðsins að þessu sinni.

Ég les mjög mikið og hef alltaf gert og finnst alveg nauðsynlegt að lesa nokkrar blaðsíður áður en ég fer að sofa. Bæði er ég ansi dugleg við að kaupa bækur auk þess sem ég fer á bókasafnið í Gerðubergi að minnsta kosti mánaðarlega. Ég les oftast spennusögur, hef einnig gaman af ýmsum ævisögum auk þess sem ég les mjög mikið fyrir Hrafnhildi Völu dóttur mína sem er fjögurra ára gömul. Hún virðist ætla að erfa lestraráhuga minn. Ég er einmitt núna að byrja að kynna hana fyrir þeim bókum sem ég las þegar ég var litil stelpa eins og Mömmustrák eftir Guða Kolbeinsson, Öðdu-bókunum eftir þau Jennu og Hreiðar Stefánsson og fleiri gullmolum.

Ég var að lesa bókina Steinsmiðurinn eftir hina sænsku Camillu Läckberg sem er mjög vinsæll rithöfundur í Svíþjóð og skrifar sakamálasögur. Þessi bók segir frá lítilli stúlku sem finnst látin og kemur síðar í ljós að hún var myrt. Ýmis leyndarmál friðsæla bæjarins Fjallabacka koma upp á



Kristín Aðalsteinsdóttir.

yfirborðið auk þess sem atburðir frá þriðja áratug 20. aldar fléttast samtímanum. Þetta er skemmtileg fléttu og hélt mér vel við efnið allan tímann. Ég hef lesið tvær aðrar bækur eftir sama höfund en þær eru Ísprinsessan og Predikarinn. Mér fannst nú samt þessar tvær fyrri betri, atburðarásin var hraðari og efnið höfðaði betur til mín.

Sænskir rithöfundar virðast eiga upp á pallborðið hjá mér en einn uppáhalds rithöfundurinn minn er einmitt sænskur líkt og Läckberg en það er Henning Mankell. Mér finnst hann alveg frábær höfundur og ég les allt eftir hann

sem ég kemst yfir. Nú nýverið lauk ég við bók eftir hann sem heitir Eldveggur og er alveg frábær. Hún fjallar um leynilögglummanninn Kurt Wallender og dularfull mál sem hann fær til rannsókna. Ólík atvik gerast á svipuðum tíma og smátt og smátt áttar Wallender sig á að tengsl eru á milli þeirra og málin taka óvænta stefnu. Virkilega spennandi bók sem svo sannarlega er óhætt að mæla með. Pottþétt bók í sumarbústaðinn eða utanlandsferðina.

Sem stendur er ég að lesa Brennu-Njálssögu en ég þurfti aldrei að lesa hana í skóla og finnst hálfgerð skömm að hafa ekki lesið hana fyrr. Mér finnst hún mjög fin en samt er Egilssaga Skalla-grímssonar uppáhalds Íslendingasagan mín. Ég hef lesið hana oft en einu sinni og finnst það alltaf jafn gaman.

Ég skora á skólasystur mína úr Breiðholtsskóla, Þorbjörgu Röbertsdóttur félagsfræðing að vera næsta Lesanda mánaðarins. Ef mig misminnir ekki hefur hún alltaf verið dugleg að lesa og getur ábyggilega sagt frá einhverjum áhugaverðum og spennandi bókum.

Bók um viðurnefni Vestmannaeyinga

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur nýverið sent frá sér bók sem ber heitið Viðurnefni í Vestmannaeyjum og er eftir Sigurgeir Jónsson kennara þar í bæ. Í bókinni segir Sigurgeir frá tæplega 700 viðurnöfnum og birtir útskýringar á þeim. Þessi bók er sérstaklega áhugaverð fyrir þær sakir að þar kemur glöggft fram hvernig viðurnefni verða til og festast við fólk í hæfilega stórum samfélögum.

Viðurnefni hafa verið landlæg að ekki sé sagt þjóðariþrótt á Íslandi og er þessa hefð að finna víða í byggðum og bæjum út um land. Eftir því sem þéttbýli eflist og samfélög verða stærri eru minni líkur á að sá heimilisiðnaður að viðurnefna fólk nái að festa rætur vegna þess að þá skortir hina mannlegu nálægð þar sem allir þekkja alla. Sigurgeir á heiður skilið fyrir samantekt sína þar sem ætla má að mörg þessara viðurefna myndu falla í gleymsku með þeim kynslóðum sem skópu þau og mundu. Hér má líta nokkur dæmi um skemmtilegar nafngiftir í Vestmannaeyjum

Sæmi afturábak og áfram

Sæmundur kom eitt sinn upp á Flugfélag og ætlaði að kaupa flugfar til Reykjavíkur. Bragi á Fluginu spurði Sæma hvort hann vildi ekki kaupa miða fram og til baka, það væri ódýrara. Þá sagði Sæmi: „Jú, ætli ég kaupi ekki bara afturábak og áfram.” Þar með var komið viðurnefni.

Jón alýfát

Jón vann á Símsstöðinni og gekk jafnan um á sokkaleistunum. Starfsstúlkur á Símsstöðinni munu hafa gefið honum þetta viðurnefni en merkingin finnst ef nafnið er lesið aftur á bak.

Kiddi babú

Kristinn var slökkviliðsstjóri í Eyjum og er nafngiftin af því dregin.

Gaui bingó

Guðjón var á bingókvöldi í Alpýðuhúsinu og sat uppi á svölum, þar sem var um nokkurn veg að fara upp á svið. Hann fékk allar tölur réttar og óttaðist að á leiðinni yrðu lesnar upp fleiri tölur, þannig að hann hrópaði BINGÓ

hástöfum alla leiðina niður stigan og fram salinn. Þar með fékk hann þetta viðurnefni.

Edda framrúða

Edda gekk með afar stór gleraugu, sem einhverjum þótti minna á framrúðu í bíl og fékk viðurnefnið af því.

Helgi hundakex

Helgi var niðri á bryggju á göngu með hundinn sinn. Þar var þá japanskt skip að lesta loðnu. Japanarnir gáfu Helga kexpakka og át hann innihald hans. Þegar félagar hans fóru að skoða pakkann návar, sáu þeir að í honum hafði verið hundakex.

Gunna í himnaríki

Guðrún Loftsdóttir var kaupkona í Eyjum og auglýsti einhverju sinni að hún seldi alveg himneskar vörur í verslun sinni. Ekki þurfti meira til að einhverjir gárungar reyndu að koma þessu viðurnefni á hana.

Koppa-Munda

Munda kom til Eyja, ung stúlka og var í vist á Háeyri ásamt vinkonu sinni. Heimilisfólki þar þótti skrítið að stúlkurnar komu aldrei með koppana niður eftir nóttina. Þegar gengið var á þær, kom í ljós að þær tæmdu þá út um gluggann og niður á þakið. Vatnið á Háeyri þótti ekki gott til drykkjar á þessum tíma.

Sigurgeir æskulýðsbruggari

Sigurgeir Jónsson (höfundur bókarinnar) var um tíma æskulýðs- og tómstundafulltrúi Vestmannaeyjabæjar. Hann bruggaði á svipuðum tíma áfengi til eigin nota og einhver fann upp á því að breyta starfsheiti hans í þetta form.



Limrur Hjálmars og Stalingrad í kilju

Aðrar tvær áhugaverðar bækur eru nýlega komnar út hjá Hólum. Önnur þeirra er Heitar lummur og inniheldur hún limrur eftir Hjalmar Freysteinsson heilsugæslulækni á Akureyri. Læknirinn ráðleggur lesendum að lesa tvær limrur á dag og það ættu allir að hafa hugfast sem vilja líta vel og hraustlega út. Hin bókinn sem Hólar hafa sent frá sér er hin magnaða bók Stalingrad eftir Antony Beevor í kilju formi. Hana ætti enginn áhugamaður um seinna veraldarsríðið að láta fram hjá sér fara. Á næstunni munu Hólar gefa út í kilju bókina Marley og ég - að eiga og elska heimsins versta hund, eftir John Grogan. Þessi bók hefur víða verið á metsölulistum og er hreint út sagt óborganleg, bæði stórskemmtileg og svo sorgleg, en umfram allt er hún dagsönn og er væntanleg kvikmynd byggð á efni hennar á næsta ári og þar fara með aðalhlutverkin ekki ómerkilegri leikarar en Jennifer Aniston og Owen Wilson.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod.is



TIL UMHUGSUNAR

Eftir Ólaf Jóhann Borgþórsson

Gerum sumarið gott!

Þetta verður gott sumar! Það fullyrti Siggí stormur, veðurfræðingurinn knái snemma í vor aðspurður um hvernig veðurspáin liti út fyrir þessa sumartíð. Hann hét því að vindar myndu blása ljúflega um allt land og því væri óþarfi að hafa áhyggjur af slíku. Raunar er það svo að þar sem menn koma saman í spjall að þá er það iðulega veðrið sem ber á góma einhvern tímann í spjallinu, rétt eins og það sé eitt af veigamestu þáttum í samfélaginu, þetta þekkjum við flest. En hver skyldi ástæðan vera? Jú, um það verður ekki deilt að veðrið hefur áhrif á það hvernig sumarfríunum er háttað - oftast er ekki er skipulagi sumarfrísins þannig háttað að fjölskyldan fer af stað með tjaldvagninn aftan í heimilisbílinn, alls óákveðin hvert leiðin liggur, það er sólin ræður för! Sumarfrí og útilegur geta verið frábær skemmtun, þar sem börn og foreldrar njóta samverunnar til hins ýtrasta, það er gott og blessað - en munum þó líka eftir hversdeginum.

Gleymum því ekki að sumarið er tími lausungar, þar sem börn

og unglingar missa þá dýrmætu reglufestu sem í stundaskrá skólanna felast. Staðreyndir sýna að sumarið af þeim sökum getur verið unglíngum býsna varasamur tími. Það að ganga sjálfala um göturnar, finna sér einhverja afþreyingu eða hanga í tölvuleikjum gerir engum gott til lengdar. Leti og verkefnaleysi verða seint talin til mikilla dyggða og þess vegna er það á ábyrgð okkar sem eldri erum að fela unga fólkinu verkefni til að sinna. Það er gott að deila út ábyrgð heimilisins til fjölskyldumeðlima og jafnframt að við gleymum ekki því að gefa þeim stund. Á það verður aldrei of oft minnt, að á þessum árstíma þurfum við sérstaklega að gefa okkur tíma fyrir börnin okkar og unglinga. Þau þurfa á því að halda að þeim sé sinnt og að foreldrar taki frumkvæði og verji með þeim stund á hverjum degi í sumar. Það þarf ekki að vera langur tími, ein til tvær klukkustundir í spjall, sundferð, gönguferðir eða hvaðeina sem hugurinn gírnist. Þrátt fyrir alla umræðu um gelgjustæla í unglíngunum að þá sýna kannanir sem gerð-

ar hafa verið hér á landi að unglíngar vilji verja meiri tíma með foreldrum sínum en nú er. Um það verður ekki deilt að besta forvörnin er samvera foreldra og barna. Hún kostar sannarlega tíma, en það er tími sem vel er varið og mun klárlega skila sér í skilvirkara uppeldi, sterkari fjölskylduböndum og ekki síst betri þjóðfélagsþegnum.

Rannsóknir hafa margsannað þá mikilvægu staðreynd að þeim börnum sem upplifa aðhald, umhyggju og eðlilegt eftirlit foreldra líður betur en ella, þeim gengur betur í skóla og þau eru síður líkleg til að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Við skulum því vinna að því að gera sumarið gott, óháð veðri og vindum, við höfum litla getu til að stjórna þeirri deild. Verjum tímanum okkar í það sem er okkur dýrmætast, börnum okkar og unglíngum og gefum þeim tækifæri til þess að geta átt spjall og samverustundir sem eru þeim svo mikilvægar. Þannig vinnum við að góðri sumartíð!

Mikið úrval af fatnaði frá:

ESPIRIT, SHARE og JENSEN

Alltaf eitthvað nýtt.

20% afsláttur af
ESPIRIT gallabuxum

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar


Fröken Júlia

Mjódd • Sími: 5575900

borgarblod.is

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI
KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, kjallara



Gældu við bílinn með léttum
og mjúkum svampburstum
aaaahhhhhh!

Tökum bíla á
35x12,5 tommu
dekkjum



LÖÐUR

miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Tvö danspör tvöfaldir Íslandsmeistarar



Danspörin með verðlaunabikara sína.

Tvö danspör úr Seljahverfi urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar í Ballroom og Latindönsum sem var haldið helgina 3. og 4. maí sl. Þetta eru þau Aníta Hlín Guðnadóttir og Teitur Gissurason sem urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar í floknum unglingar 1A í Ballroom og latindönsum og Arna Rut Arnardóttir og Bergþór Kjartansson sem urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar í floknum unglingar 1K í ballroom og latindönsum. Úrslitin sýna að um frábæran árangur er að ræða hjá þessum tveimur danspörum.

Aníta Hlín og Teitur eru bekkjarsystkini í 6. bekk í Ölduselsskóla og hafa dansað saman í 1 ár,

Arna Rut og Bergþór voru í fyrra bekkjarsystkini í Seljaskóla og hafa dansað saman í 2 ár. Bæði danspörin æfa fimm sinnum í viku og eru að æfa í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar auk þess sem þau eru í Dansíþróttafélagi Kópavogs. Bæði pörin hafa tekið þátt í danskeppnum erlendis og unnið til verðlauna þar. Stífar æfingar liggja að baki þessu góða árangri krakkanna og er Arna Rut búin að æfa í átta ár, Aníta Hlín er búin að æfa í þrjú og hálf ár. Teitur er búin að æfa í þrjú ár og Bergþór er búin að æfa í fimm ár. Einnig má geta þess til gamans að Aníta Hlín og Bergþór eru frændsystkin.

Knattspyrnuskóli Leiknis og Domino's að hefjast


Knattspyrnunámskeiðin Leiknis og Domino's eru ætluð fyrir stráka og stelpur á aldrinum fimm til 12 ára. Á námskeiðunum verður farið í grunnþætti knattspyrnunnar í bland við ýmsar keppnir og leiki. Fastir liðir verða í skólafarfinu á borð við fótboltagolf, HM-keppni. Maður námskeiðsins og sundaferð verða á sínum stað. Í lok hvers námskeiðs er Domino's pizzuveisla og verðlaunafhending. Hvert námskeið stendur í tvær vikur, alla virka morgna kl. 9.00 til 12.00. Boðið er upp á gæslu kl. 8.00 til 9.00 á morgnanna og einnig í hádegjunu kl. 12.00 til 13.00 án endurgjalds. Námskeiðin fara fram á íþróttasvæði Leiknis.

Skráning fer fram á fyrsta degi hvers námskeiðs á Leiknisvelli. Nánari upplýsingar gefur Davíð í síma 692-9550 eða með tölvupósti á dsj_dsj@hotmail.com. Þátttökugjald er aðeins 5.000 kr. og ganga skal frá greiðslu við upphaf hvers námskeiðs. Veittur er 50% systkinaafsláttur. Þjálfarar við skólann eru með þjálfararéttindi frá Knattspyrnusambandi Íslands. Knattspyrnustjóri er Davíð Snorri Jónasson, UEFA B réttindi í knattspyrnuþjálfun, þjálfari 5. og 3. flokks drengja hjá Leikni.



Námskeið 1. 9. júní til 20. júní.
Námskeið 2. 23. júní til 4. júlí.
Námskeið 3. 7. júlí til 18. júlí.
Námskeið 4. 21. júlí til 1. ágúst.
Námskeið 5. 11. ágúst til 21. ágúst.

borgarblod.is



Rúnar Geimundsson, Sigurður Rúnarsson, Elís Rúnarsson, Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990



Bragi Björnsson í Leiksporti í Hólagarði afhenti Halldóri og konu hans, Sigríði Gunnarsdóttur nýja bílinn.

Fékk Honda CRV á Reykjalundarmiðann

Halldór Hansson vann nýlega eintak af Honda CRV jeppa í Hapdrætti SÍBS á miða sem seldur var í Leiksporti í Hólagarði. Á þessu ári verða dregnir út Honda CRV jeppar annan hvern mánuð í Hapdrætti SÍBS eða alls sex jeppar. Aðeins er dregið úr seldum miðum þannig að bílarnir ganga alltaf út.

Halldór kvaðst mjög ánægður með gripinn. Hann hafi átt Hondabíla áður og þekki þá að góðu einu auk þess sem þessi sé eins vel útbúinn og hægt er að hugsa sér. "Þetta er bara eins og hugur manns, meira að segja innbyggð

leiðsögukerfi," sagði Halldór þegar hann hafði sest undir stýri á bílnum og bætti við að samskipti sín við Honda umboðið hafi alltaf verið með miklum ágætum.

Halldór og fjölskylda hans hefur stutt SÍBS lengi, m.a. átti móðir hans miða í Borgarnesi sem hann tók síðan við. En vinningsmiðinn tengist Reykjalundi. „Í ársbyrjun 2005 fékk ég sendan gjafamiða frá Hapdrætti SÍBS sem gildi í mánuð en slíkir miðar voru sendir til allra jafnaldra Reykjalundar í tilefni af 60 ára afmæli stofnunarinnar. Mér þótti vænt um þetta og hélt miðanum áfram, því Reykjalundur hefur

HAPDRÆTTI SÍBS

hjálpað ótrúlega mörgum. Þessi miði hefur síðan verið í umboðinu hjá Braga í Leiksport sem er í Hólagarði og hann reyndist mér þessi happafengur núna. Auðvitað gleðst ég yfir vinningnum og er þakklátur fyrir hann, enda fá þessir bílar alltaf eiganda þar sem bara er dregið úr seldum miðum. Markmiðið hefur samt alltaf verið að styðja starfsemi SÍBS og það geri ég áfram heils hugar."

Ægiringar á ferð og flugi

Ýmislegt hefur verið á dagskránni hjá Ægiringum undanfarið. Keppt hefur verið á mörgum mótum þar sem allir lögðu kapp í að ná sínum fyrstu AMÍ lágmarkum (aldursmeistaramót Íslands), aðrir voru að bæta í safnið til að geta keppt í fleiri greinum.

Þrjú Ægiringar lögðu land undir fót í apríl og fóru með unglingalandsliðið til Luxemborg að keppa. Þetta voru þau Anton Sveinn McKeen, Karen Sif Vilhjálmssdóttir og Magnús Ólafur Sigurðsson. Þeim gekk mjög vel í Luxemborg og voru að bæta sína bestu tíma. Næsta mót var svo hjá ÍRB í Reykjaneshæ en það

var haldið helgina 17. og 18. maí. Þar voru rúmlega 70 Ægiringar mættir til leiks, þau eldri kepptu í 50 metra laug en þau yngri í 25 metra laug. Mótið gekk mjög vel í alla staði og enn fjölgaði AMÍ lágmarkum og mikið um bætingar hjá krökkunum auk þess sem Eygló Ósk Gústafsdóttir fékk bikar sem stigahæsta telpan á mótinu.

Það voru svo tvö sundmót helgina á eftir en það voru SH mótið og Breiðabliksmótið. Það voru eldri karakarnir sem fóru á SH mótið en þau yngri tóku þátt í Breiðabliksmótinu og gekk vel á þeim báðum. Elstu hóparnir eru nýkomnir heim úr í æfinga-

búðum í Frakklandi þar sem þau voru að undirbúa sig fyrir AMÍ og Bikar. En við fáum nánari fréttir af því í næsta blaði þar sem þetta var skrifað áður en þau komu heim. Spennandi verður að fylgjast með þessum stóra fríða hóp sem tekur þátt í AMÍ í Reykjaneshæ þann 19. júní. Við minnum einnig á sumarsundskólann okkar en hann verður starfræktur í sumar eins og undanfarið auk þess sem við verðum nú í sumar einnig í samstarfi við ÍR um leikjanámskeiðin þannig að nú verður líka boðið upp á sund í leikjanámskeiðunum.

de.is
YFIR 550 DE VEFIR Á ÍSLANDI
7 ÁR Í VEFSÍÐU- OG HUGBÚNAÐARGERÐ

Sumarnámskeiðin á fullu



Frá sundnámskeiði í samvinnu við Ægi.



Það er líka nauðsynlegt að borða nestið sitt á sumarnámskeiðum hjá ÍR.

Námskeiðin hjá ÍR í sumar eru enn fjölbreyttari en árið áður, nýjasta nýtt er sundkennsla frá Sundfélaginu Ægi sem tvinnuð er inn í Íþrótt- og leikjanámskeiðin. Sú kennsla fer fram í sundlaug Ölduselsskóla og er mikil ánægja með þessa nýbreytni.

Fleira skemmtilegt er gert t.d. er dvalið í heilan dag í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, vísindatíllraunir gerðar og kenndar eru ýmsar íþróttgreinar eins og júdó, karfa, dans og frjálssar. Hvert námskeið er viku í senn og hægt er að velja um heilan eða hálfan dag.

Annað námskeið kallast Fjörkálfar í frjálsum og fótbolta og er í boði fyrir hádegi. Þar safnast sam-

an stór hópur barna sem vilja kynnast þessum tveimur íþróttgreinum eða auka við hæfni sína í þessum íþróttum. Á fyrsta námskeiðinu eru 60 börn og er skipt upp í smærri hópa eftir aldri og getu. Öllum námskeiðum lýkur með viðurkenningarskjali og grillveislu. Aðstaðan er í ÍR heimilinu við Skógarsel, annars fara námskeiðin aðallega fram úti. Hingað til hefur veðrið leikið við okkur og vonandi verður svo áfram.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðunni www.irsida.is eða í síma 587-7080. Þú getur skráð barnið þitt núna.

Björg og Vera í úrvalshópinn

Vormót ÍR það 66. í röðinni fór fram á Laugardalsvelli 11. júní. Eins og svo oft áður var mótið síðasta mótið sem tekið er til greina vegna vals í landsliði Íslands sem keppir í Evrópukeppni Landsliða í Talinn Eistlandi helgina 21. til 22. júní nk. 125 keppendur voru skráðir til leiks og þar á meðal 47 ÍR-ingar. Veðrið var bjart og fallett en nokkur vindur sem reyndar datt niður svo til um leið og síðustu grein var lokið.

Tvær ÍR-stúlkur, þær Björg Gunnarsdóttir og Vera Sigurðardóttir, báðar fæddar árið 1994 náðu þeim frábæra árangri að komast inn í úrvalshóp unglinga FRÍ í 800 metra hlaupum, þær eru ÍR-ingar númer 31 og 32 inn í hópinn sem telur nú 123 íþróttamenn. Síðast en ekki síst er vert að geta þess að Dóróthea Jóhannesdóttir náði lágmarki inn í Afrekshóp ungmenna FRÍ fyrir árangur sinn í 200 metra hlaupi, 26.13 sek. Að afloku mótinu var boðið upp á

grillveislu í boði Nettó og fleiri fyrirtækja í Breiðholtinu og kann deildin þeim bestu þakkir fyrir framlagið til að gera Vormóti ÍR hærra undir höfði. Að vanda var fjöldi ÍR-inga sem starfaði við mótið og lagði þannig sitt pund á vogarskálarnar svo mótið gæti farið fram. Grillveislan var vel heppnuð enda stóð Ingibjörg Halldórsdóttir þar og mundaði grillspáðann og pylsubrauðin.

Kristín Birna með góða helgi vestra

Kristín Birna Ólafsdóttir ÍR, náði 5.342 stigum og varð í 4. sæti í sjöþraut á Mid West Svæðismeistaramótinu í Bandaríkjunum dagana 14. til 16. maí en hún keppir fyrir háskólann í San Diego State. Þessi árangur er næstbesti árangur Kristínar en hún á best 5.402 stig síðan apríl 2006.

Hún hljóp 100 metra grindahlaup á 14.05 sek., stökk 1.63 metra í hástökki, bætti sig í kúlurvarpi þegar hún varpaði kúlunni

10.97 metra, hljóp 200 metra á 25.37 sek. sem er bæting um 40/100, stökk 5.54 metra í langstökki, kastaði spjótinu 33.25 m og hljóp að lokum 800m á 2:14.24. Hún varð síðan í 3. sæti í 400 metra grindahlaup á 58.82 sek, sem er hennar besti árangur og 5. besti árangurinn í sögu skólans. Hún hljóp einnig 100 metra grindahlaup á 13.94 sek sem er jöfnun á hennar besta árangri. Kristín Birna stökk einnig hástökk 1.65m og varð í 9. sæti en þetta er jöfnun

á hennar besta árangri. Með þessum árangri í þrautinni komst Kristín Birna í 22. sæti háskólistans og einnig inn á lista yfir mögulega keppendur á bandaríska háskóla-meistaramótinu í sjöþraut og í 400m grindahlaupi. Þá má geta þess að Kristín Birna Ólafsdóttir var á meðal keppenda í sjöþraut á bandaríska háskólameistaramótinu sem fram fer dagana 13. til 14. júní.

Arna Stefanía sigraði á Lyngby Games

Arna Stefanía Guðmundsdóttir stóð sig frábærlega á Lyngby Games sem fram fóru í Lyngby í Danmörku helgina 31. maí til 1. júní. Segja má að Arna hafi komið, séð og sigrað en hún fór heim með þrenn gullverðlaun.

Þau voru fyrir 200 metra hlaup,

sem hún hljóp á 27.69 sek. og sigraði með yfirburðum, fyrir spjót-kast þar sem hún kastaði 27.80 metra og fyrir 60 metra grindahlaup sem hún hljóp á 10.36 sek. en tíminn hjá þeirri í öðru sæti var 10.75 sek. Auk þessa hljóp Arna Stefanía undanrásir í 80

metra hlaupi og komst í úrslit með 11.08 sek, en varð að hætta við úrslitahlaupið vegna smávægilegra meiðsla. Tíminn hennar var sá fjórði besti úr undanrásunum en hlaupið vannst síðan á 11.05 sek.

Góður árangur hjá Einari Daða

Einar Daði Lárusson varð í 5. sæti í tugþraut 18 til 19 ára drengja á Norðurlandameistaramótinu í fjölþrautum sem fram fóru í Jyväskylä í Finnlandi helgina 7. til 8. júní með 6.658 stig.

Þetta er mjög góður árangur hjá Einari Daða sem er á yngra

ári í flokki 18-19 ára drengja. Hann bætti sinn besta árangur í öllum kastgreinum en stangarstökkið var einna síst hjá honum og í rauninni munaði um það hvort Einar næði þriðja sætinu eða ekki. Úrslit keppinnar má finna á vefslóðinni <http://www.jku.fi> Næst á dagskrá hjá

Einari Daða og Þrání Hafsteinsyni, þjálfara hans, er Alþjóðlegt boðsmót í tugþraut unglinga sem fram fer í Prag í Tékklandi 13. til 14. júní en ekki ófrægari kappar en Roman Sebrle hafa sigrað á þessu móti.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Knattspyrna:

ÍR-ingar fara vel af stað

Þegar þessi orð eru skrifuð eru búnar fimm umferðir af deildinni hjá körlunum og lið ÍR er efst með þrettán stig en þeir hafa einungis gert eitt jafntefli en unnið fjóra leiki. Liðið er með klárt markmið fyrir þetta sumar en það er að fara upp um deild og ef "strákarnir okkar" hafa áfram á þessari braut er ekkert sem á að geta komið í veg fyrir það.

Stelpurnar hafa einnig byrjað

sumarið vel en þær eru búnar að vinna báða sína leiki þegar þessi orð eru skrifuð. Það er sama markmið hjá þeim og strákunum en það er að fara upp um deild í haust. Við hvetjum alla til að koma á heimaleiki sumarsins því það er aldrei að vita nema þú fái tækifæri á að taka þátt í leik á vegum Iceland Express. En í hverjum heimaleik eru svokölluð "borgarskot" en þau gefa tækifæri á að fá frítt fyrir tvo út í heim.

ÍR-drottningar

Hjá ÍR er hópur kvenna 25 ára og eldri að æfa knattspyrnu tvisvar í viku og kalla þær sig ÍR Drottningar, enda ekkert nema eðalkonur á ferð. Drottningarnar hittust fyrst fyrir ári síðan, og hefur hópurinn dafnað og vaxið að gæðum og getu frá fyrsta degi. Drottningarnar, með dyggri aðstoð meistaraflokksráðs kvenna, gerðu sér lítið fyrir og héldu Drottningamót í fyrravor sem tókst alveg frábærlega.

Drottningalið úr Reykjavík og nágrannasveitarfélögum öttu kappi fram eftir degi, og lauk mótinu með verðlaunaafhendingu þar sem veittur var fjöldinn allur af verðlaunum af ýmsum tilefnum, og balli um kvöldið í ÍR heimilinu. Þetta var hin besta skemmtun og vegna fjölda áskorana var ákveðið að Drottningmót ÍR yrði árviss við-

burður. Hinn 19. apríl næstkomandi verður því haldið Drottningamót ÍR og Olís 2008 á hinum glæsilega gervigrasvelli ÍR-inga við Skógarsel. Drottningarnar eru fótboltafélagsskapur með meiru, og hittast reglulega utan vallar við ýmis tækifæri svo sem konungleg teboð, árlega uppskeruhátíð, þrekæfingar og matarboð svo eitthvað sé nefnt. Allar konur 25 ára og eldri eru velkomnar í hið magnaða drottningalið ÍR. Það hafa líka sést prinsessur (undir 25) á æfingum, en þrátt fyrir að vera bestu prinsessur í heimi þá fá þær ekki að keppa á mótum fyrr en þær ná hinnu royál tölu 25. Þið sem viljið verða ÍR Drottningar hafið samband á tölvupóstfang drottningar@gmail.com eða í gegnum blogg síðu <http://blog.central.is/irdrottningar>

Mí í fjölþrautum og lengri boðhlaupum

Íslandsmeistaramótið í fjölþrautum og lengri boðhlaupum fór fram í Borgarnesi helgina 24. til 25. maí. Keppt var í tugþraut karla og sjöþraut kvenna og lengri boðhlaupum sem eru 3x 800 metrar hjá konum og 4x800 metrar og 4x1500 metrar hjá körlum.

Einar Daði lauk ekki keppni í tugþrautinni þar sem stutt var í næstu keppni sem var Norðurlandamót í fjölþrautum en samt varð hann Íslandsmeistari í drengjaflokki 17 til 18 ára með 5111 stig. Helga Þránsdóttir varð í 2. sæti í kvennaflokki með 3006 stig og Jóhanna Ingadóttir í 3.

sæti. Guðrún Haraldsdóttir varð í 4. sæti í sinni fyrstu fjölþrautakeppni í flokki meyrja með 2793 stig. ÍR konurnar, þær Sara Björk Lárusdóttir, Erna Dís Gunnarsdóttir og Fríða Rún Þórðardóttir urðu Íslandsmeistarar í 3 x 800 metra boðhlaupi á tímanum 7:53.98 mín en strákarnir urðu í 2. sæti í bæði 4 x 800 metrum, 9:04.52 mín og 4 x 1500 metrum, 18:47.79 mín boðhlaupum. Sveitirnar skipuðu Ólafur Konráð Albertsson, Þorsteinn Magnússon, Vignir Már Lýðsson, Hafsteinn Einarsson og Björn Jón Bragason.


Sandra byrjar með stæl

Sandra Pétursdóttir sleggjukastari okkar ÍR-ingar dvelur við æfingar og keppni í Noregi í sumar og keppti á sínu öðru móti í bænum Brandbu þann 11. júní. Hún hóf

tímabilið með stæl þegar hún kastaði 47.12 metra og bætti sig um heila 3 metra og 67 cm. Frábær árangur hjá Söndru.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109



SUNDSUMAR Í BREIÐHOLTSLAUG



Sumarafgreiðslutími:
Virka daga kl. 6:30–22:00
Helgar kl. 8:00–20:00

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

